

Sóknarfærni

Október 2025

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2025

**Allt um Iðnaðar-
sýninguna 2025**



Iðnaðarsýningin 2025 í Laugardalshöll

á annað hundrað fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu dagana 9.-11. október



Iðnaðarsýningin 2025 verður í Laugardalshöll dagana 9.-11. október næstkomandi en það er sýningarfyrirtækið Ritsýn ehf. sem stendur að sýningunni í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Á annað hundrað fyrirtæki kynna þar vörur sínar og þjónustu.

„Iðnaður á Íslandi er afar fjölþættur og skapar um 41% útflutningstekna þjóðarinnar. Iðnaðarsýningin 2025 endurspeglar þessa miklu breidd atvinnugreinarinnar og verður hún með stærri sýningum hér á landi,” segir Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Ritsýnar ehf. sem hefur sérhæft sig í fagsýningum undanfarin ár. Auk iðnaðarsýninga hefur fyrirtækið staðið fyrir landbúnaðarsýningum, heilsusýningum, stórel-



■ Íslenskur iðnaður verður í aðalhlutverki í Laugardalshöll á dagana 9.-11. október.

húsasýningum og síðast en ekki síst sjávarútvegssýningum.

Fjölbreytt sýning

Ólafur segir að Iðnaðarsýningin í Laugardalshöll verði að vanda fjölbreytt en síðasta Iðnaðarsýning var árið 2023 og var mjög fjölsótt.

„Á Iðnaðarsýningunni í ár

verður meðal annars lögð áhersla á að kynna mannvirkja-gerð, orku, innviði, vistvænar lausnir og hönnun. Sýningin verður mjög fjölbreytt og áhuga-verð og mun höfða til bæði fagmanna og almennings,” segir Ólafur.

Sem fyrr segir eru Samtök iðnaðarins samstarfsaðili Iðn-

aðarsýningarinnar 2025 í Laugardalshöll en innan samtakanna eru um 1400 fyrirtæki, sem undirstrikar þátt iðnaðar í íslensku atvinnulífi.

Þriggja daga sýning

Iðnaðarsýningin 2025 stendur í þrjá daga. Hún verður opin almenningi kl. 14-19 fimmtudaginn

9. október, kl. 10-18 föstudaginn 10. október og kl. 10-17 laugardaginn 11. október.

ritsyn.is
sí.is

Taktu stjórn á tímaskráningunni áður en hún tekur stjórn á þér!



„Það er gífurlegur sparnaður sem fæst með nákvæmri tímaskráningu. Þann 1. júlí 2024 voru innleidd lög um að öllum fyrirtækjum beri skylda til að útvega starfsfólki sínu rafræna tímaskráningu og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessum lögum sem við styðjum heilshugar. Að okkar mati þá býr gott tímaskráningarkerfi til öryggi í kringum bæði starfsfólk og fyrirtæki,” segir Linda Wessman, sölustjóri Svares.

Fjölbreyttir valkostir

„Við bjóðum upp á fjölbreytta valkosti í tímaskráningum til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Intempus er ein stærsta lausnin sem við seljum en við höfum verið með það á markaði síðan 2017. Kerfið nýtur mikilla vinsælda og eru um 800 notendur í því hverju sinni. Intempus er mjög hagnýtt og einfalt í notkun. Starfsmenn geta skráð tíma, efni, veikindi og frí í gegnum app í símanum og það getur tengst við bókhaldskerfi fyrir samþætta upplýsingar.

Einnig bjóðum við Curio Time, sem er tímaskráningarkerfi tengt við kjarasamninga. Kerfið hentar vel fyrir hverskonar fyrirtæki, hótél og veitingastaði þar sem það er með vaktafyrirkomulag og heldur utan um orlof og veikinda starfsmanna,” segir Linda.

OS Worker er nýjasta tímaskráningarkerfið

„Einnig höfum við nýlega tekið upp samstarf við OS Worker, sem er mjög öflugt tíma- og verk-skráningarkerfi. Það sem gerir OS Worker að sérstakri lausn er að það tengist bókhaldinu beint. Við bindum miklar vonir við OS Worker og munum kynna það á Iðnaðarsýningunni. OS Worker er á íslensku og hefur yfir 60.000 notendur um allan heim.”

Linda segir fyrirtæki að verða meðvitaðri um mikilvægi þess að hafa nákvæma og gegnsæja tíma- og verkskráningu. „Þetta hefur hjálpað til við að bæta ferla og aðlaga starfsemi lögum og reglum,” segir Linda.

Fyrirtæki treysta Svare fyrir sínum rekstri

Góð og áreiðanleg þjónusta er grunnigildi fyrirtækisins, að sögn Lindu. „Fyrirtæki treysta okkur fyrir rekstri sínum og við erum stöðugt að bæta þjónustu okkar. Við höfum einnig mikla þekkingu á



■ Linda Wessman, sölustjóri Svar.

sambættingu á mismunandi kerfum sem gerir okkur að sérfræðingum í upplýsingakerfum. Við bjóðum því meira en bara tímaskráningarkerfi. Við hjálpum viðskiptavinum að samþætta kerfi sín og bæta vinnuflæði. Þetta hefur gert okkur að sterkum þjónustuaðila á markaði.”

Leiðandi aðili í sérhæfingu og þjónustu

Svar er því ótvírætt leiðandi sérfræðingur í tímaskráningar-kerfum og tengdri þjónustu með lausnir sem nýtast íslenskum fyrirtækjum af öllum stærðum, segir Linda. „Við bjóðum yfirgripsmikla þekkingu á upplýsingakerfum og aðlögum lausnir

að þörfum hvers viðskiptavinar enda eru einkunnarorð okkar: fagmennska, þekking og þjónusta,” segir Linda Wessman, sölustjóri Svar að lokum.

svar.is



Útgefandi: Ritform ehf.
Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).
Umsjón og textavinnsla: Ritform ehf.



Hönnun og umbrot:
Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.
Auglýsingar: Inga Ágústs dóttir
inga@ritform.is

Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og mbl.is

Við erum líka á Facebook!



Prentun: Landsprent
Dreifing: Íslandsþóstur

SÉRHÆFING Í ÚTGÁFU KYNNINGARBLAÐA

Ritform ehf. sérhæfir sig í útgáfu kynningarblaða fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem fjallað er um sjávarútveg, fiskeldi, ferðamálg og fleira. Auk þess gefur fyrirtækið út sjávarútvegstímaritið Ægi og rekur sjávarútvegsfréttaveituna Auðlindina.

Forsíðumynd: Í stjórnherbergi hjá Elkem á Grundartanga

Blaðinu er dreift til fyrirtækja og á Iðnaðarsýningunni 2025 í Laugardalshöll



Bluetti vara-orkukerfi fyrir heimili og fyrirtæki

Velkomin á BLUETTI básinn og kynnið ykkur úrvalið af BLUETTI orkubönkum. Lárus Geir Brandsson frá Rótor verður til ráðgjafar vegna kerfa fyrir húsbíla, fyrirtæki og uppsetningu á birtu- og sólarsellum.

BLUETTI vara-orkukerfi tryggja rekstraröryggi heimila og fyrirtækja í sí-endurteknum rafmagnstruflunum.

Öll Bluetti kerfi eru tilbúin fyrir orku frá birtu- og sólarsellum.

ATH; Við greiðum tengikostnað á kerfum sem pöntuð eru fyrir áramót*

Verið viðbúin rafmagnstruflunum og fáðið góð ráð og tilboð í Bluetti orkukerfi með eða án sólarsella.

Alt að
155
kW



BLUETTI
Hrein og örugg íslensk orka

Bluetti sölustaðir: Rótor, Sölutraust, Topptjöld og Vagnar, Veiðihornið, Orkuland

Bluetti á Íslandi - Orkuland - 680 6000 - www.bluetti.is

* Míðast við tengingu í fyrirliggjandi töflu á notkunarstað. Míðast við 10 klukkutíma vinnu.

„Leiðin hingað hefur hvorki verið auðveld né sjálfgefin“

Svanhildur Björg Pétursdóttir, framkvæmdastjóri áreiðanleika og viðhalds hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði

„Ég lít á það sem mikla gæfu að hafa fengið þetta tækifæri. Leiðin hingað hefur hvorki verið auðveld né sjálfgefin og á stundum hef ég efast um sjálfa mig. En með frábærum samstarfsfélögum og stuðningsríku teymi hef ég lært mikið og dafnað í starfi. Mistökin hafa líka kennt mér heilmargt og ég finn að ég hef styrkst bæði faglega og persónulega,“ segir Svanhildur Björg Pétursdóttir, framkvæmdastjóri áreiðanleika og viðhalds hjá Alcoa Fjarðaáli. Hún hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2019, var til að byrja með rekstrarstjóri viðhalds, skautsmiðju, umhverfis og hafnar. „Ég sá starfið auglýst og ákvað að sækja um vegna áreitis á fyrri vinnustað. Mér til mikillar hamingju fékk ég starfið.“

Svanhildur Björg býr ásamt eiginmanni, Sigurði Kára Samúelssyni og tveimur börnum þeirra, Alexander Kára Fjallmann og Arneyju Ylfu Fjallmann. Hún ólst upp í Reykjahliðarþorpi í Mývatnssveit þar sem samfélagið var samheldið. Þar bjuggu foreldrar hennar með fjögur börn sín og sveitin hjá afa og ömmu var í átta mínútna akstursfjarlægð.

Snarstoppaði í dyrum kennslustofunnar fyrsta daginn

Svanhildur hélt í Verkmenntaskólann á Akureyri 16 ára gömul til að læra vélstjórn. Hún rifjar upp daginn þegar hún mætti í fyrsta tímann og snarstoppaði í dyrunum á kennslustofunni – sem var full af strákum og eldri mönnum. Engin stelpa sjáanleg.

„Ég snéri við og hringdi í systur mína sem var líka í skólanum og bað hana að hjálpa mér að finna rétta stofu. Hún gekk með mér beint aftur í sömu stofu og ég fór að velta fyrir mér út í hvað ég hefði komið mér,“ segir hún. Fyrstu önnina segist hún vart hafa talað orð í tímum og ekki þorað inn í setustofuna sem vélstjórnarnemar höfðu. Félagi hennar í verkefnum hefði hvatt hana til að láta í sér heyra, hann vildi ekki endalaust taka heiðurinn af úrlausnum og skýrslum sem hún hefði í raun unnið. Hún yrði að tala fyrir sig sjálf.

„Það varð mér mikil hvatning,“ segir hún en á næstu önn fór hún að finna sig betur, eignaðist þrjá af sínum bestu vinum sem virkilega trúðu á hana alla leið. „Við hjálpuðumst að í náminu og kepptumst um að fá sem bestar einkunnir.“ Svanhildur útskrifaðist sem vélstjóri með næst hæstu einkunn en að auki útskrifaðist hún sem rafvirki og stúdent.

Áskorun að starfa í karllægu umhverfi

Svanhildur segir það hafa verið áskorun að starfa í karllægu umhverfi en hún hefði smám saman lært að treysta á eigin styrk. „Það sem bjargaði mér voru vinirnir og traustið sem þeir sýndu mér. Þeir sáu hæfileika mína og ýttu mér áfram. Ég er þakklát fyrir þá upplifun, þetta kenndi mér að láta rödd mína heyrast og standa með eigin þekkingu,“ segir hún.

Á meðan Svanhildur var í námi tók hún námssamning hjá Landsvirkjun en þar starfaði faðir hennar. „Eftir það sumar varð mér ljóst að ég yrði alltaf „litla dóttir pabba“ á þeim vinnustað og ákvað því að standa á eigin fótum og sótti um vinnu á Akureyri. Þar stafaði ég næstu sumur og eftir útskrift.



■ Svanhildur Björg Pétursdóttir, framkvæmdastjóri áreiðanleika og viðhalds hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði.

Bætti við sig námi og sá tækifæri fyrir austan

Svanhildur segir að hún hafi viljað auka möguleika sína til framtíðar og hóf nám í vélidnfræði við Háskólann í Reykjavík og lauk því árið 2015. Um var að ræða fjarnám með staðarlotum sem hentaði henni vel enda hægt að vinna með náminu. Svanhildur eignaðist fyrsta barn sitt árið 2014 og þá tóku þau hjónin ákvörðun um að flytja austur. Þar sáu þau fleiri tækifæri. „Ég sótti um nokkur störf en það var aðeins eitt fyrirtæki sem svaraði og réð mig sem vélidnfræðing og verkefnastjóra. Þar þurfti feimna stelpa virkilega að stíga út fyrir þægindarammann, allt í einu 26 ára gömul komin með mannaforráð í karllægu umhverfi.“

Hún segist hafa fengið vægt sjokk þegar hún hóf fyrst störf hjá Alcoa Fjarðaáli. Í 30 manna viðhaldshópi var hún eina konan. „Ég þurfti að berjast við eigin efasemdir, hvernig næ ég þessum hópi á mitt band spurði ég sjálfa mig. Reynslan hefur kennt mér að það sem öllu máli skiptir eru góð samskipti og einlægur áhugi á starfinu. Þessir menn hafa kennt mér gríðarlega margt og þeir er enn nánir vinir og stuðningsmenn.“

Árið 2023 bað þáverandi yfirmaður Svanhildi að leysa sig af sem framkvæmdastjóra viðhalds og áreiðanleika þegar hann færi í sumarfrí. „Ég varð orðlaus og spurði af hverju hann leitaði til mín, aðrir hefðu meiri reynslu. Hann svaraði einfaldlega: „Af því að ég er að biðja þig.“ Ég fylltist stolti en líka efasemdum, hringdi í pabba sem stappaði í mig stálinu og hvatti mig til að grípa tækifærið meðan það gafst.“

Fékk hvatningu til að sækja um

Afleysingin gekk vel og í kjölfarið kom yfirmaðurinn sem þá hafði ákveðið að róa á önnur mið og staðan var laus. Hann hafði með þessu gefið mér gott tækifæri á að sanna mig og hvatti mig eindregið til að sækja um. Sjálfri fannst mér ég ekki hafa næga reynslu og taldi aðra betur hæfa til að gegna stöðunni. Hann og fleiri héldu



■ Svanhildur með tveimur samstarfsmönnum sínum hjá Alcoa Fjarðaáli, þeim Glenn Ingram og Joe Palandri.

engu að síður áfram að hvetja mig og eftir mörg góð samtöl við fjölskyldu og vini sótti ég um rétt áður en umsóknarfrestur rann út. Mér var svo boðið starfið nokkrum vikum og viðtölum síðar.“

Svanhildur segist hafa hugsað með sér hvað yfirmenn hjá Alcoa sæju í sér, hvað hún hefði gert til að verðskulda svo mikilvægt starf. Þær spurningar leiti enn af og til á hugann. „Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt en ég hef lært heilmikið, gert mörg mistök en alltaf átt ómetanlegan stuðning hjá frábæru samstarfsfólki sem bakkar mig upp þegar ég misstíg mig og það sama á við um fjölskyldu og vini,“ segir hún og bætir við að andinn hjá fyrirtækinu sé faglegur og góður, samheldni mikil, fólkið leggi sig fram, styðji hvort annað og vinni saman að lausnum.

Um 160 manna teymi

Framkvæmdastjóri áreiðanleika og viðhalds ber ábyrgð á allri framkvæmd viðhalds hjá Fjarðaáli, bæði fyrir fram skipulögðu og óvæntu viðhaldi ásamt áreiðanleika búnaðar og vöruhúsi. „Í mínu teymi starfa yfir 160 manns í ýmsum deildum og okkar aðal forgangsatridi er ævinlega öryggi. Við vinnum náð með öryggisfull-

trúum til að tryggja að öll verkefni séu alltaf unnin á sem öruggastan hátt,“ segir Svanhildur. Starfið felur einnig í sér að móta viðhaldstefnu, stjórna teyminum, fylgjast með kostnaði og tækninýjungum sem og að starfa með öflugum ástandsgreiningarteymi sem itrekað hefur komið í veg fyrir stórar bilanir.

Nauðsynlegt að njóta stuðnings fjölskyldu

Svanhildur segir bæði gefandi og krefjandi að starfa í alþjóðlegu fyrirtæki. Starfinu fylgi mikil ábyrgð en einnig gefi það dýrmæta reynslu og tækifæri til að kynnst fjölbreyttum hópi frábærs fólks um allan heim.

„Til að sinna þessu starfi er líka algjörlega nauðsynlegt að njóta stuðnings fjölskyldu og þar er ég heppin. Við hjónin skiptum svolítið um hlutverk á heimilinu þegar ég tók við þessari stöðu. Áður sá ég meira um börnin en maðurinn minn hefur tekið við því kefli og segist ekki vilja snúa því til baka. Það kemur vissulega fyrir að hann þurfi að vinna lengi og þá tek ég við. Stuðningur frá stórfjölskyldu og vinum skiptir mig sköpum og gerir mér kleift að sinna þessu krefjandi starfi,“ segir hún.

HEILDARLAUSNIR Í UMBÚÐUM

KASSAR - POKAR - ÖSKJUR - PÖKKUNARVÉLAR
LÍMBÖND - MILLIARKIR - REKSTRARVÖRUR
GARÐYRKJUVÖRUR - KRYDD OG MARGT FLEIRA



sala@samhentir.is




samhentir.is



575 8000



Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ



Samhentir



■ Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins segir að með því að fresta nauðsynlegu viðhaldi séu ríki og sveitarfélög að velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir. „Afleiðingarnar eru ekki aðeins fjárhagslegar heldur hafa þær einnig áhrif á öryggi og lífsgæði almennings.“

Öflugur iðnaður grunnstoð lífsgæða og öryggis

Hér áður fyrr tengdu margir iðnað fyrst og fremst við verksmiðjur og stórar vélar en í dag er veruleikinn allt annar og fjölbreyttari. Íslenskur iðnaður snertir nánast alla fleti samfélagsins, hann er uppspretta nýsköpunar, öflug stoð útflutnings og ein af grunnstoðum þeirra lífsgæða og þess öryggis sem við njótum. Í samtali við Sóknarfæri segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, að tölurnar tali sínu máli þegar komi að mikilvægi iðnaðar. Hún segir að iðnaður á Íslandi skapi gríðarleg verðmæti, leggi sitt af mörkum til útflutningstekna og lífsgæða landsmanna.

Iðnaður með stærsta skattsporið
„Skattspor iðnaðarins er umfangsmikið og endurspeglar mikilvægi greinarinnar í hagkerfinu. Heildarskattspor iðnaðarins nam 464 milljörðum króna árið 2023 samkvæmt nýlegri greiningu sem unnin var fyrir Samtök iðnaðarins. Þröngt skattspor iðnaðarins sem er án virðisauka-skatts nam 220 milljörðum króna, til samanburðar er þröngt skattspor ferðaþjónustu 107 milljarðar og sjávarútvegs 89 milljarðar. Skattspor iðnaðarins er því stærst allra útflutningsgreina. Þetta sýnir að greinin á ekki aðeins stóran þátt í verðmætasköpun hagkerfisins heldur ber einnig uppi stóran hluta af rekstri hins opinbera.“

Jóhanna Klara segir að verðmætasköpun iðnaðarins hafi verið 900 milljarðar króna í fyrra sem er um fjórðungur landsframleiðslunnar. „Auk þess er iðnaðurinn stærsta útflutningsgrein þjóðarbúsins með 750 milljarða í útflutningstekjur í fyrra sem jafngildir 39% af heildarútflutningstekjum hagkerfisins. Jákvæð áhrif iðnaðarins eru í raun meiri þegar horft er til þess að greinin er m.a.

að byggja upp innviði, skapa vörur og veita þjónustu sem nýtist öðrum greinum hagkerfisins.“

Jóhanna Klara segir að það séu margar áskoranir sem fylgi óvissu í alþjóðaviðskiptum og stríðsógnum. „Á óvissutímum hefur mikilvægi öflugs iðnaðar komið mjög skýrt í ljós,“ segir hún. „Heimsfaraldur og truflanir í aðfanga-keðjum sýndu okkur hversu viðkvæm við getum verið. Fjölbreyttur iðnaður styrkir viðnámsþrótt þjóðarinnar, hann tryggir að við séum ekki alfarið háð innflutningi og að við getum brugðist hraðar við breyttum aðstæðum. Sterkur iðnaður er ekki aðeins efnahagslegt hagsmunamál, heldur beinlínis þjóðaröryggismál.“

Færni mannauðsins stór áskorun
Í iðnaði starfa um 52 þúsund manns eða einn af hverjum fjórum á innlendum vinnumarkaði. Jóhanna Klara segir að til að halda iðnaðinum gangandi þurfi fólk með rétta menntun. „Þetta er ein af okkar stóru áskorunum. Nútíma iðnaður, t.d. í mannvirkjagerð, kallar á fjölbreyttan hóp fólks með ólíka menntun og hæfni.“ Hún segir að á síðastliðnum áratug hafi störfum í iðnaði fjölgað um nær 14 þúsund sem samsvari um þriðjung af allri fjölgun starfandi í hagkerfinu á sama tíma.

Jóhanna Klara segir að greiningar SI sýni að á næstu árum muni skapast þörf fyrir þúsundir nýrra starfsmanna með iðn-, tækni- og verknað að baki. „Það er því óásættanlegt að árlega sé allt að 1.000 nemendum hafnað í iðn- og tækninám. Í ljósi viðvarandi skorts á fólki með viðeigandi færni þarf að bregðast við þessu ástandi og fjölga þeim sem útskrifast úr iðn- og tækninámi. Án hæfileikaríkis iðn- og tæknimenntaðs fólks stöðvast samfélagið bókstaflega.“

- Íslenskur iðnaður í tölum
- » 464 milljarðar króna – heildarskattspor iðnaðarins
 - » 220 milljarðar króna – þröngt skattspor (án VSK)
 - » 900 milljarðar króna – verðmætasköpun sem er um ¼ af landsframleiðslu
 - » 52.000 störf – einn af hverjum fjórum á innlendum vinnumarkaði
 - » 750 milljarðar króna – útflutningstekjur sem eru 39% af heildarútflutningi
 - » 14.000 ný störf í iðnaði á síðasta áratug – þriðjungur allrar fjölgunar starfa í hagkerfinu

Þurfum skýra framtíðarsýn
Jóhanna Klara segir að til að nýta þau tækifæri sem blasi við þurfi skýra framtíðarsýn. „Það er jákvætt að stjórnvöld vinni nú að nýrri atvinnustefnu fyrir Ísland. Slík stefna þarf að tryggja fyrirsjáanlegt og samkeppnishæft umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og fjárfestinga. Hún verður jafnframt að styðja við græna umbreytingu atvinnulífsins og við leggjum áherslu á að hún sé unnin í nánú samráði við atvinnulífð sjálf.“

Jóhanna Klara bendir á að Ísland búi yfir sérstöðu með aðgangi að endurnýjanlegri orku en til að afla frekari orku þurfi sterka aðkomu stjórnvalda. „Íslenskur iðnaður er í lykilstöðu til að leiða græna umbreytingu. Fyrirtæki í iðnaði vinna þegar markvisst að því að lágmarka kolefnisspor, nýta auðlindir betur og þróa

vörur sem styðja sjálfbæran lífsstíl. Þetta er bæði samfélagsleg skylda og gríðarlegt samkeppnisforskot á alþjóðamörkuðum.“

Fjárfestingar í innviðum efla samkeppnishæfni
Þá nefnir hún mikilvægi innviða landsins. „Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin er að boða sókn í þeim mikilvæga málaflokki. Fjárfestingar í samgönguinnviðum á borð við hafnir, flugvelli, vegi og brýr stuðla að aukinni samkeppnishæfni, framleiðni og afkastagetu þjóðarbúsins. Slíkar fjárfestingar leiða til meiri verðmætasköpunar, aukinna útflutningstekna og þar með hærri tekna ríkissjóðs. Í skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða kemur fram að heildarviðhaldsskuld innviða nemi um 680 milljörðum króna. Þar af er mesta viðhaldsskuldin í vegakerfinu, eða á bilinu 265-290 milljarðar króna, og ástandseinkunn vegakerfisins er lægst allra innviða samkvæmt skýrslunni.“

Jóhanna Klara segir að viðhaldsskuldin sé í raun form skuldasöfnunar af hálfu hins opinbera. „Með því að fresta nauðsynlegu viðhaldi eru ríki og sveitarfélög að velta kostnaðinum yfir á komandi kynslóðir. Afleiðingarnar eru ekki aðeins fjárhagslegar heldur hafa þær einnig áhrif á öryggi og lífsgæði almennings. Afleiðingar þess að vanrækja viðhald eru mjög alvarlegar og kostnaðarsamar þar sem þetta hamlar vexti atvinnulífsins, eykur slysa hættu, dregur úr viðnámsþrótti samfélagsins og dregur úr möguleikum fólks til að búa og starfa í dreifðari byggðum.“

si.is

ÖFLUGAR VINNUVÉLAR
FYRIR KREFJANDI VERKEFNI

SANY

SANY er stærsti gröfuframleiðandi í heimi

5 ára verksmiðjuábyrgð á gröfum og/eða 10.000 vinnustundir

Beltagröfur í öllum stærðum

Ný SANY SY390H 40 tonn á
grjótspyrnum.

Bjóðum hana á 38.000.000 kr. + vsk
með smurkerfi, hraðtengi og 3,3 m³
skóflu.

Vélin er tilbúin til afhendingar strax.

Getum boðið graftarkerfi íkomin
Verð frá 3.500.000 + vsk.



Vökvaflýgar í úrvali

Steelfoss vökvaflýgar í úrvali

Verð á elfoss.is



100% rafmagnsknúnar gröfur



SANY SY19E – Þyngd 1.950 kg.
Verð 6.900.000 kr. + vsk



SANY SY215E – Þyngd 23.200 kg.+
Verð 44.000.000 kr. + vsk



SANY SY35E – Þyngd 4.300 kg.
Verð 13.500.000 kr. + vsk

Burðarás í þjónustu við íslenskan iðnað



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2025**

Í gegnum áratugina hefur Ísfell verið eitt af öflugustu fyrirtækjum landsins í þjónustu við fjölbreyttan iðnað; sjávarútveg, byggingariðnað, landbúnað, ferðaþjónustu, orkuvinnslu og ýmsar aðrar greinar sem krefjast sérhæfðrar þekkingar og hágæða lausna. Með sterka viðveru á helstu þjónustuvæðum landsins og viðtæku vöruúrvali gegnir Ísfell lykilhlutverki í því að halda hjólum atvinnulífsins gangandi.

Stöðug nýsköpun og tækniþróun

Ísfell hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á stöðuga nýsköpun, tækniframfarir í vöruvali og þjónustu. Með því að fylgjast náið með alþjóðlegum straumum og vera í virku samstarfi við framleiðendur, birgja og öryggisvottunaraðila, tryggir fyrirtækið að viðskiptavinir hafi aðgang að áreiðanlegustu, öruggustu og árangursríkustu lausnum sem völ er á – hvort sem um ræðir lyftibúnað, fallvarnir, keðjur, króka eða sérhæfðar stroffur.

Sterk vörumerki í hífi- og fallvarnarlausnum

Ísfell er samstarfsaðili OX Heavy Lifting, sem er þekkt fyrir hágæða lyftilausnir fyrir iðnað og stórframkvæmdir. Með vörum frá OX getur Ísfell boðið viðskiptavinum endingargóðar og sérsniðnar lausnir sem standast allar helstu álags- og öryggiskröfur. Vörurnar eru sérlega vinsælar hjá fyrirtækjum í orku- og framkvæmdageiranum þar sem nákvæmni, öryggi og áreiðanleiki eru lykilatriði.

Ísfell er einnig samstarfsaðili Delta, Van Beest og Pewag. Fyrirtækið býður upp á endingargóðar og notendavænar lyftilausnir sem eru sérhannaðar fyrir daglega notkun á vinnustöðum þar sem miklar kröfur eru gerðar um öryggi, nákvæmni og áreiðanleika.

Þar að auki býður Ísfell fallvarnarbúnað frá þremur sérhæfðum framleiðendum: Ikar, Kratos Safety og Skylotec. Hver um sig leggur áherslu á öruggar lausnir fyrir vinnu í hæð og björgun. Búnaðurinn er hannaður fyrir krefjandi aðstæður og nýttist á breiðu sviði atvinnulífsins.

Tryggðu öryggi með réttum sýnileikafatnaði

Virk öryggismenning fyrirtækja kallar á aukinn sýnileika á vinnusvæðum til að tryggja að starfsmenn komi heilir heim úr vinnu sinni. Sýnileikafatnaður er lykilatriði þegar það er dimmt og lítið skyggni. Ísfell selur eingöngu vörur frá viðurkenndum framleiðendum sem uppfylla þá öryggisstaðla sem eru til staðar til að tryggja fyllsta öryggi og gæði. Mikil breidd er í vöruúrvali fyrirtækisins sem gerir aðverkam að allir geta fundið eitthvað sem hentar.

Örugg pökkun verðmæta

Ísfell býður hagkvæmar bindi- og pökkunarlausnir frá Cyklop International sem henta jafnt litlum sem stórum fyrirtækjum. Í boði er fjölbreytt úrval af lausnum, allt frá einföldum handtækjum til fullkomra sjálfvirkra kerfa. Um er að ræða meiri skilvirkni þegar kemur að



■ Ísfell selur snjókeðjur fyrir allar stærðir dekkja sem tryggja hámarks öryggi þegar ekið er í erfiðum aðstæðum.



■ Ísfell selur fjölbreytt úrval af vinnu-, öryggis- og sýnileikafatnaði.



ÍSFELL
HAFSJÓR AF ÞEKKINGU

pökkun og minni fyrirhöfn fyrir viðskiptavinum að koma vörum á leiðarenda á öruggan hátt.

Traustur búnaður fyrir krefjandi aðstæður

Þegar veturinn lætur á sér kræla og færð verður erfið skiptir öllu máli að vera vel búinn. Ísfell selur snjókeðjur frá Trygg sem tryggja öryggi, grip og drægni – hvort sem um er að ræða fyrir vörubíla, rútur, jeppa eða vinnuvélar sem þurfa að komast leiðar sinnar í snjó og hálku.

Ísfell býður úrval gæða snjókeðja sem hafa sannað sig við erfiðustu aðstæður um allan heim. Keðjurnar eru smíðaðar úr slitsterku stáli og hannaðar til að standast mikið álag og langvarandi notkun – án þess að gefa eftir í gæðum eða virkni.

Við stöndumst kröfurnar

Ísfell hefur verið aðili að Lifting Equipment Engineers Association (LEEAA) frá árinu 2010. Starfsmenn Ísfells sækja regluleg námskeið hjá LEEAA og sýna fram á kunnáttu sína með skriflegum prófum. Alþjóðleg vottun er svo gefin út sem



■ Ísfell selur hagkvæmar bindi- og pökkunarlausnir frá Cyklop International. Margar lausnir eru í boði.



■ Ísfell selur OX hífibita og hífibitakerfi sem eru sérpöntuð fyrir hvern og einn viðskiptavin. Kerfin eru DNV-GI gæðavottuð sem sýnir að öll framleiðsluvinnna er samkvæmt hæstu gæðastöðlum.



■ Ísfell selur hífibúnað frá Pewag sem uppfyllir allar ströngustu öryggiskröfur. Fyrirtækið selur eingöngu hífibúnað frá viðurkenndum framleiðendum og annast heildarþjónustu, skoðun og reglubundið eftirlit með honum.

tryggir að Ísfell má taka út hífibúnað hvar sem er í heiminum.

Bakhjarl íslenskrar verðmætasköpunar

Ísfell stendur frammi fyrir spennandi vaxtartækifærum, bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Vaxandi áhersla á sjálfbærni, öryggi og stafrænar lausnir skapar eftirspurn eftir snjallari, endingar-

betri og umhverfisvænni vörum. Fyrirtækið styður við atvinnulífið með öflugum búnaði, sérlausnum og þjónustu sem miðar að aukinni hagkvæmni, öryggi og sjálfbærni. Því má segja að Ísfell sé burðarás í þjónustu við íslenskan iðnað – í dag og til framtíðar.

isfell.is

Öflugur iðnaður — Forsenda góðra lífskjara

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf í stöðugu, samkeppnishæfu starfsumhverfi um allt land leggur grunninn að meiri verðmætasköpun, fleiri tækifærum og betri störfum.

Vinum saman að stöðugleika, traustum innviðum, orkuöryggi, fjölbreyttri menntun og meiri nýsköpun.

Bylting í vegabótum á Suðurlandi

Það er líf í tuskunum í vegagerð á Suðurlandi þessi dægrin en framkvæmdir við gerð nýrrar brúar yfir Ölfusá hófust í sumar. Auk nýrrar brúar er um að ræða byggingu 3,7 km hringvegar og um 1 km af öðrum tveggja akreina vegum. Gerð verða ný vegamót við hringveg austan Selfoss, undirgöng undir hringveg fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt undirgöngum fyrir bíla og gangandi. Einnig er gert ráð fyrir lögnum veitufyrirtækja og göngu- og hjólaleið undir brúna beggja megin. Áætlað er að þessu viðamikla verkefni ljúki haustið 2028 og er heildarkostnaður áætlaður 17,9 milljarðar króna, þar af 8,4 milljarðar vegna brúarinnar sjálfrar.

Stóraukin afkastageta hringvegar

Brúin yfir Ölfusá verður 330 m löng stagbrú með 60 metra háum stálturni á Efri-Laugardælaeyju. Brúargólf verður 19 m breitt og er gert ráð fyrir 2+1 vegi með aðskildum akstursstefnum, ásamt göngu- og hjólaleið. Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið undir brúna á báðum árbökkum. Brúin verður hönnuð þannig að hún geti borið fjórar akreinar til framtíðar, verði þörf á því. Forhönnun brúarinnar er unnin í samstarfi Vegagerðarinnar, EFLU verkfræðistofu og Studio Granda arkitekta. Þá er jarðskjálftaálag unnið í samstarfi við sérfræðinga Háskóla Íslands. Markmiðið með framkvæmdunum er að auka afkastagetu hringvegar, aðskilja akstursstefnur og bæta umferðaröryggi. Helsta breytingin sem framkvæmdin hefur í för með sér er að Hringvegur stýttist um 1,2 km og ferðatími stýttist að lágmarki um fimm til sex mínútur en mun meira á álagstímum. Einnig mun greiðast úr þeim um-



■ Hér má sjá ráðabirgðabrá sem lögð var í sumar frá austurbakka Ölfusár yfir í Efri-Laugardælaeyju. Selfoss í baksýn.

Ljós. Vegagerðin/Anron Brink.

ferðarteppum sem oft hafa skapast við gömlu Ölfusárbrúna.

Handagangur í öskjunni

Aðalverktaki framkvæmdarinnar er ÞG-Verk og hefur hann samið við pólska verksmiðju um framleiðslu stálvirkis Ölfusárbrúar og er efnisútvegum þegar hafin. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar vinnur verktakinn nú að aðstöðusköpun austan árinna og er hún langt komin. Þá hefur einnig verið unnið við jarðvegsskipti í nýja vegstæðinu frá bakka Ölfusár og að fyrirhuguðum mislægum vegamótum við hringveg austan við Selfoss. Vestan árinna hafa laus jarðefni verið hreinsuð af klöppinni þar sem landstöpull Ölfusárbrúarinnar verður og er vinna við undirstöður hans hafin. Þá er lokið sprengingum á klapparhafti sem var í vegstæðinu skammt vestan við ána og er unnið við fergingu vegstæðisins yfir Hrísmýri á um 700 metra



■ Nýja Ölfusárbrúin verður 330 metra löng stagbrú með 60 metra háum stálturni í Efri-Laugardælaeyju. Verklök eru áætluð í október 2028. Mynd: EFLA.

lögnum kafla í átt að hringtorginu við Biskupstungnabraut.

Í dag starfa um 25 manns við framkvæmdina á vegum verktaka auk eftirlits- og mælingamanna. Einnig starfa við framkvæmdina hönnuðir, fageftirlitsmenn, ráðgjafar og umsjónar-

menn framkvæmdarinnar á vegum Vegagerðarinnar. Áætlað er að um 60 til 70 manns komi að hönnun vega og brúa og eru þeir staðsettir í að minnsta kosti fjórum löndum; Finnlandi, Danmörku, Noregi og Íslandi.



■ Horft eftir vegstæðinu í vestur að hringtorginu við Biskupstungnabraut. Ingólfsfjall í þokumóðu í fjarsta.



Loftræsting sem passar í skáp!

- Tekur lítið pláss - passar í þvottaskáp
- Varmaendurvinnsla - endurnýtir varmann
- Minna ryk - öflug síun dregur úr ögnum
- Betri loftgæði - ferskt loft og lægra CO₂
- Jafnara hitastig - engir kaldir blettir
- Orkusparnaður - minni álag á hitakerfi
- Minni raki - ver gegn myglu og skemmdum

Kíktu í bás B17





FALLVARNIR

Ísfell býður fjölbreytt og gott úrval af fallvarnarbúnaði. Fyrirtækið er ávallt með á lager fallvarnarbelti, tengitaugar, karabínur, fallvarnarblakkir og minni fallvarnarkerfi. Í samstarfi við viðskiptavini og birgja er boðið upp á stærri fallvarnarkerfi, þau sniðin að þörfum hvers og eins. Ísfell býður upp á skoðanir á fallvarnarbúnaði og námskeiðahald varðandi notkun búnaðarins.

Aðlögum okkur stöðugt að því sem er í gangi á mörkuðum

Rætt við Álfheiði Ágústsdóttur, forstjóra Elkem Ísland

„Ein helsta ástæða þess að hagkvæmt er að reka fyrirtækið á Íslandi er aðgangur að rafmagni. Sá þáttur skiptir sköpum fyrir okkar rekstur. Við þurfum að flytja allt okkar hráefni inn og seljum nær alla okkar framleiðslu á erlenda markaði,” segir Álfheiður Ágústsdóttir forstjóri Elkem Ísland, sem rekur kísilmálmverksmiðju á Grundartanga.

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 170 talsins auk um það bil 50 verktaka sem mæta til vinnu á hverjum degi. Bróðurpartur starfsmanna, um 85%, býr í nærliggjandi sveitarfélögum við verksmiðjuna á Grundartanga. „Við eigum því láni að fagna að mjög hátt hlutfall okkar starfsfólks hefur unnið hjá fyrirtækinu í yfir 20 ár og nokkrir eiga jafnvel yfir 40 ára starfsferil að baki. Það er ómetanlegt,” segir Álfheiður.

Starfsfólk auðlind hvers fyrirtækis

Hún segir að fyrirtækið leggi mikla áherslu á að gefa sínu starfsfólki færi á að vaxa í starfi. „Hér fær fólk tækifæri til að takast á við alls konar áskoranir og að takast á við ábyrgð og það skilar sér í góðri liðsheild og góðum anda á vinnustað,” segir Álfheiður en hún á sjálf að baki tæplega 20 ára starfsreynslu hjá Elkem Íslandi. Hún segir fyrirtækið traustan og góðan vinnustað, starfsfólkið sé auðlind hvers fyrirtækis og lykillinn að því að árangur náist. „Okkar markmið er að skapa heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi og okkur hefur tekist vel upp í þeim efnum.”

Byrjaði sem sumarstarfsmaður fyrir nær 20 árum

Álfheiður er fædd og uppalin á Grundarfirði og hóf ung að starfa í fiski með skólunum sem og í verslun sem amma hennar rak þar í bæ. „Ég byrja svo að vinna hjá Elkem sumarið 2006, var sumarstarfsmaður í framleiðslunni en var á sama tíma einnig að hefja nám við Háskólann á Bifröst. Fyrsta sumarið vann ég bæði í afleysingum í verksmiðjunni og líka á fjármálasviðinu en að námi loknu fór ég í fullt starf hjá fyrirtækinu. Varð svo framkvæmdastjóri fjármálasviðs árið 2016 og tók við stöðu forstjóra árið 2020. Þannig að það má segja að ég þekki fyrirtækið vel eftir þennan langa tíma.”

Sögu Elkem má rekja hálfa öld aftur í tímann en upphaflega hét fyrirtækið Íslenska járnblendifélagið og var stofnað í apríl árið 1975. Það var íslenska ríkið sem stóð fyrir stofnun félagsins í tengslum við þá atvinnustefnu stjórnvalda að styðja við og efla uppbyggingu raforkukerfisins í landinu. Norska stórfyrirtækið Elkem kom í upphafi að málum til að aðstoða við að koma fyrirtækinu á fót en eignaðist meirihluta í félaginu árið 1997 og að fullu árið 2023. Nafni félagsins var breytt í Elkem Ísland ehf. árið 2008.

Kappkostum að bjóða upp á nýjungar

Álfheiður segir Elkem á Íslandi vera hluta af sterkri alþjóðlegri heild, Elkem ASA sem er einn af helstu framleiðendum á kísilafurðum í heiminum. „Við höfum að



■ Nýjasta sérhæfing verksmiðju Elkem er framleiðsla á kísilmálmi fyrir rafmagnsstál sem er grundvöllur orkuskipta. Í hverjum rafmagnsbíl sem kemur á götuna eru nokkur kíló af slíkum hágæða kísilmálmi.



■ Verksmiðja Elkem á Grundartanga.

markmiði að tryggja trausta framtíð fyrirtækisins með stöðugum vexti og með því að bjóða upp á nýjungar á sviði þjónustu og vöruframboðs fyrir okkar viðskiptavini. Elkem hefur um langa hríð verið frumkvöðull þegar kemur að tækniþróun í kísilidnaði og einnig rutt brautina varðandi þróun lausna á sviði umhverfismála,” segir hún.

Rafmagnsstál er grundvöllur orkuskipta í heiminum

Helsta afurð Elkem á Íslandi er sem fyrr segir kísilmálmur, eitt af grunnhráefnum í stáliðnaði. Álfheiður segir að kísilmálmur sé annars vegar notaður til að hreinsa stál og hins vegar sem íblöndunarefni til að ná fram ákveðnum eiginleikum í stáli sem bætir stálframleiðslu og gæði hennar.

„Elkem á Íslandi hefur lengi framleitt staðlaðan kísilmálm en á undanförunum árum hefur verksmiðjan aukið mjög við vöruúrval sitt þegar kemur að sérvöru. Það höfum við gert til að mæta aukinni eftirspurn á markaði eftir slíkum vörum. Nú sérhæfum við okkur í framleiðslu á kísilmálmi fyrir rafmagnsstál sem er grundvöllur orkuskipta í heiminum og kísill er forsenda framleiðslu hans,” segir hún en í hverjum rafmagnsbíl sem fer á götuna eru til dæmis um 4 kíló af hágæða kísilmálmi.

Markaðurinn er sveiflukenndur

Álfheiður segir markað með kísilmálm



■ Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi.



■ Kisilmálmur er helsta afurð verksmiðjunnar. Hann er grunnhráefni í stálframleiðslu.

sveiflukenndan, „og við þurfum stöðugt að laga okkur að því sem er í gangi á mörkuðum hverju sinni.“ Verksmiðjan á Grundartanga selur afurðir sínar á markaði í Evrópu, Asíu og til Bandaríkjanna. „Markaðir hafa verið einstaklega óstöðugir vegna þróunar á heimsmálum á undanförunum misserum,“ segir hún og bætir við að markaður fyrir kisilmálm

standi frammi fyrir miklum breytingum.

„Það má vissulega segja að við stöndum frammi fyrir áskorunum þegar kemur að orkukostnaði sem fer hækkandi og það er óvissa á okkar alþjóðlega markaði, en á mótinu eru líka mikil tækifæri m.a. í framleiðslu á rafmagnsstáli.“

elkem.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

OPIÐ HÚS Í BREIDDINN

laugardaginn 11. október frá 11-15



**FULLBÚIN
HEILSÁRSHÚS**

Í BYKO færðu fullbúin heilsárshús í mörgum stærðum. Húsin koma fullkláruð að utan sem innan og koma þau með eldhúsi og baðherbergi. Húsin fást í mismunandi stærðum og gerðum, en afhendast án húsgagna.

Í BYKO Breidd er að finna fullbúið 42 m² sýningarhús m. baðherbergi, eldhúsi og glæsilegri 8m² verönd.

Afhendingartími er 18 til 22 vikur frá staðfestum framleiðsluteikningum.



**ALLAR FREKARI
UPPLÝSINGAR
ERU Á BYKO.IS**



■ Jón Bjarni Jónsson, formaður Byggiðnar.

Fagmennskunni má ekki fórna fyrir byggingarmagnið

Rætt við Jón Bjarna Jónsson, formann Byggiðnar

„Byggingariðnaðurinn á Íslandi er alltof sveiflukenndur og svolítið eins og villta vestrið. Við sjáum mikla umræðu um að það vanti íbúðir á markaðinn á sama tíma og nýjar íbúðir standa óhreyfðar og seljast ekki. Á þessu eru þó ýmsar skýringar og ein er sú að við erum of mikið að byggja íbúðir sem ekki er ásókn í. Á vissan hátt skil ég stöðu verktaka hvað þetta varðar því þeir fá úthlutað lóðum með ákveðnu byggingarmagni en hafa hins vegar ekkert um það að segja hversu margar íbúðir þeir geta byggt á grunni þessa byggingarmagns. Þetta held ég að sé ein af stóru ástæðum þess að verið er að byggja meira af stærri íbúðum en markaðurinn kallar eftir,“ segir Jón Bjarni Jónsson, formaður Byggiðnar, félags byggingamanna.

Verðum að opna augun

Byggingariðnaðurinn er ein viðfeðmasta og mikilvægasta greinin í íslenskum iðnaði og snertir í raun alla anga samfélagsins á einn eða annan hátt. Á þenslutímum í byggingariðnaði þarf að sækja vinnuafli erlendis og langt í frá að framboð af fagmenntuðum iðnaðarmönnum á Íslandi dugi til að anna eftirspurninni. Jón Bjarni segir nauðsynlegt að staldra við og gæta þess að fagmennskunni sé ekki fórnað. „Við erum með of lítið af fagmenntuðum iðnaðarmönnum til að anna öllum þessum verkefnum og erum að fá á byggingarstaði allskonar fólk sem ekki hefur reynslu og þekkingu á því hvernig ber að standa rétt að því að byggja hús á Íslandi. Margt af þessu fólki hefur unnið við húsbyggingar en hefur hins vegar ekki þekkingu á því hvaða reglur gilda hér á landi til að þær standist veðurálag og annað. Við megum ekki loka augunum fyrir því hverjir vinna þessi verkefni en einblína bara á að byggja nógu mikið og nógu hratt. Það er ávísun á vandamál sem við höfum því miður verið að sjá alltof mikið af í byggingariðnaði hér á landi á undanförunum

árum. Staðreyndin er sú að við erum með skýr lög um að það eigi að vera iðnaðarmenn sem vinna verkin en við heyrum í kringum okkur að menn eru að réttlæta ástandið með því að það séu meistarar, byggingastjórar og verkfræðingar til að stýra verkunum en svo er verið að nota réttindalaus og þekkingarlitla starfsmenn til að vinna verkin. Ég hef stundum tekið þá samlíkingu í umræðu um þessi mál hvort það sé nóg fyrir rútufyrirtæki að forsvarsmaðurinn sé einn með rútupróf en bílstjórnarnir þurfi ekki réttindi. Ég sé bara engan mun á þessu. Við verðum að fara að opna augun og standa vörð um fagmennskuna í byggingariðnaði á Íslandi,“ segir Jón Bjarni.

Það skiptir máli hver byggir húsið

Formaðurinn segir meiri fagmennsku í byggingariðnaði vera hagsmunamál allra; greinarinnar almennt, fyrirtækjanna, stéttarfélaga byggingamanna og síðast en ekki sist kaupenda húsnæðis. Einmitt þess vegna er Byggiðn þessa dagana að ýta úr vör herferð á samfélagsmiðlum undir yfirskriftinni „Það skiptir máli hver byggir húsið þitt.“

„Við erum ekki sist að hugsa um unga fólkið, þann hóp sem er að kaupa sína fyrstu eign, leggja allt sitt undir og hefur enga vörn ef svo kemur í ljós að húseignin sem það kaupir er meingölluð. Ég fékk nýlega fyrirsögn frá ungu fólki um hvað þau þurfi að passa við kaup á nýrri íbúð. Fyrsta svar mitt var að þau eigi að spyrja um húsbýggjandann, hvort hann sé traustur og verði til staðar þegar búið er að byggja húsið og komi til skjalanna ef einhver galli kemur í ljós. Kaupendur eiga líka fullan rétt á að spyrja um kunnáttu og fagmenntun þeirra sem unnu verkið, ekki bara hverjir voru meistarar að viðkomandi íbúð heldur líka hversu margir faglærðir iðnaðarmenn unnu verkið. Mér finnst löngu kominn tími til að við nálgumst umræðu um þessi mál út frá þessum sjálf-



■ Jón Bjarni heilsar upp á félagsmenn í heimsókn á byggingarstað.

söguðu spurningum því það eru hagsmunir okkar allra sem erum í kringum byggingariðnaðinn að hlutirnir séu í lagi.“

Sektarákvæði nauðsynleg

Jón Bjarni er þeirrar skoðunar að stjórnvöld þurfi að ganga fram fyrir skjöldu og herða viðurlög. „Ég hefði viljað að stjórnvöld setji inn sektarákvæði ef menn eru að brjóta lög í byggingariðnaði. Mín skoðun er sú að ef í ljós kemur þegar við eða byggingareftirlit komum á framkvæmdasvæði og sjáum að menn sem hafa ekki réttindi eða þekkingu eru að loka byggingahlutum að þá sé hægt að stoppa slíkt strax. Réttindalaus maður í umferðinni er umsvifalaust stöðvaður og fær ekki að fara lengra og það nákvæmlega sama á að gilda í þessum efnum. Núna er vissulega hægt að kæra menn en slík mál taka mörg ár í kerfinu og á meðan heldur vinnan áfram.“

Mögulegt að snúa þróuninni við

Jón Bjarni segist gera sér fulla grein fyrir að iðnaðarmannastörf verði aldrei öll mönnuð með innlendum fagmenntuðum iðnaðarmönnum. Til þess séu þeir einfaldlega ekki nógu margir. „Það eru hins vegar til reglugerðir sem heimila sérstaklega mönnum með þekkingu en án réttinda að vinna þessi störf, hvort heldur það er erlent eða innlent vinnuafli. Í slíkum tilfellum veita fagaðilar eins og t.d. Byggiðn umsögn um slíkar umsóknir. Ég sé alveg fyrir mér slíkt fyrirkomulag enda er þá gengið úr skugga um að viðkomandi starfsmenn hafi þekkingu að byggja á. Og allt uppi á borðinu í stað þess ástands sem við búum við í dag. Við getum bætt margt í byggingariðnaði en við verðum að opna blinda augað til að sú hugarfarsbreyting eigi sér stað. Það er of mikið í húfi til að við bregðumst ekki við,“ segir Jón Bjarni Jónsson, formaður Byggiðnar.



GLÆSILEG IÐNAÐARSÝNING Í LAUGARDALSHÖLL 9. - 11. október

Fjöldi fyrirtækja sýna allt það nýjasta
á sviði mannvirkja, orku, hönnunar
og vistvænna lausna.

Fimmtudag: 9. október kl. 14.00-19.00

Föstudag: 10. október kl. 10.00-18.00

Laugardag: 11. október kl. 10.00-17.00



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2025**

Krosslímdar timbureiningar hafa sannað sig á Íslandi



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2025

„Hagkvæmni og framkvæmdahraði eru tvímælalaust stærstu kostirnir við notkun á krosslímdum timbureiningum í burðarvirki húsa. Allar einingar koma til-sniðnar með hífingarlykkjum og settar upp í þeirri röð sem fyrirfram er búið að skipuleggja en þannig eiga húsin að geta risið á mjög stuttum tíma,“ segir Sverrir Steinn Ingimundarson, iðnaðartækni-fræðingur og framkvæmdastjóri Element ehf. sem sérhæfir sig í sölu á kross-límdum timbureiningum frá framleiðand-anum KLH Massivholz GmbH í Austurríki.

Yfir 250 hús á Íslandi frá stofnun fyrirtækisins

KLH Massivholz í Austurríki opnaði fyrstu verksmiðjuna á krosslímdum timbri í heim-inum árið 1999 og hefur útvegað krosslímt timbur í yfir 40 þúsund verkefni. Element ehf. var stofnað árið 2016 og fékk umboð fyrir sölu á framleiðslu KLH Massivholz hér á landi en í aðdraganda þess höfðu stofnendur fyrirtækisins séð um byggingu Fosshótel Jökulsárlóns þar sem þessi byggingaraðferð varð fyrir valinu.

Element hefur á undanförunum árum útvegað krosslímdar timbureiningar í yfir 250 hús á Íslandi, allt frá litlum sumar-húsum upp í stór hótél og þjónustubygg-ingar. Sverrir segir að reynslan af notkun eininganna sé almennt mjög góð hér á landi sem best sjáist á því að æ fleiri verk-takar og einstaklingar í húsbýggingum velji þessa byggingaraðferð.

Mikil þekking og reynsla af verkefnum með krosslímdum timbri

„Við leggjum mikið upp úr því að koma inn í hönnunarteymi verkefnanna til að miðla okkar reynslu og sjá til þess að kostir byggingaraðferðarinnar séu nýttir til hins ýtrasta. Í flestum okkar verkefnum sjáum við um burðarvirkjahönnun og svo efnis-útvegum á krosslímda timbrinu ásamt samsetningarefni.“

Svansvottuð framleiðsla

„KLH Massivholz er með Svansvottun á framleiðslu sinni á krosslímdum timbri en það er vottun sem Íslendingar þekkja vel og treysta. Einingarnar eru til-sniðnar við bestu aðstæður og koma vandlega inn-pakkaðar og frágengnar á byggingarstað á Íslandi þannig að gæðin og nákvæmnin í þessari framleiðslu eru mikil,“ segir Sverrir en frá því að hönnun er lokið og pöntun er staðfest liða alla jafna 6-8 vikur þar til þær koma tilbúnar á byggingarstað.

Krosslímda timbrið mætir vel síauknum kröfum

Sverrir segir að framleiðandinn geri ríkar gæðakröfur til framleiðslunnar enda mikilvægt að standast síauknar kröfur í reglugerðum í einstökum löndum, sem og kröfur kaupenda.

„Í Danmörku eru t.d. mjög stífar kröfur um svokallaðar lífsferilsgreiningar húsbýgginga sem mæla umhverfisáhrif mannvirkja. Við sjáum að krosslímda timbrið stendur mjög vel að vígi hvað þetta varðar enda mun lægra kolefnisfót-spor af burðarvirki úr krosslímdum timbri í samanburði við steypu. Staðreyndin er sú að timbur er í sumum tilfellum eina bygg-ingarleiðin til að uppfylla ýtrustu skilyrði. Hér á landi er sama þróun en krafa í bygg-ingarreglugerð um skil lífsferilsgreininga



■ Hér má sjá hvernig krosslímt timbur í burðarvirki húsa er byggt upp. Element er umboðsaðili fyrir KLH Massivholz í Austurríki sen opnaði fyrstu verksmiðjuna í þessari framleiðslu í heiminum árið 1999 og hefur framleitt krosslímt timbur í yfir 40 þúsund verkefni.



■ Sverrir Steinn Ingimundarson, framkvæmdastjóri Element ehf.



■ Íbúðarhús úr krosslímdum timbureiningum í byggingu við Hrísmóa á Akureyri.

tók gildi 1. september síðastliðinn. Kröf-urnar eru því að aukast og hvað það varðar er krosslímt timbur góður kostur,“ segir Sverrir.

Mun léttara en steypa og minna rask

„Rúmþyngd krosslímds timburs er 1/5 af rúmþyngd steypu sem gerir það að verkum að notkun á þeim hentar mjög vel þegar byggt er ofan á núverandi bygg-ingar. Álagið á bygginguna sem fyrir er verður þar af leiðandi minna. Annað er að raskið og hávaði af byggingu úr kross-límdum timbri er mun minna en uppsteyttu húsi fyrir utan áður nefndan byggingar-hraða. Þetta eru stórir kostir fyrir til dæmis þéttingarverkefni,“ segir Sverrir.

„Þegar hús hafa verið reist úr kross-límdum timbureiningum má segja að við

taki hefðbundnari verkþættir í frágangi. Húsin eru í öllum tilfellum einangruð að utan og síðan klædd. Sömuleiðis er frá-gangur innandyrá hefðbundinn en því er samt ekki að neita að fyrir t.d. pípulagn-ingamenn, rafvirkja og aðra þá eru þessir vinnustaðir mun þrífalegri þegar að þeirra verkþáttum kemur og vinnan unnin með léttari verkfærum,“ segir Sverrir.

Auk þess að einingarnar eru til-sniðnar með úrtökum fyrir glugga og hurðir eru þær klæddar með álímdum öndunardúk sem ver þær á byggingartíma fyrir veðri og vindum og endatré eru meðhöndluð til að verjast uppsogi á raka.

Forsmiðuð dönsk baðherbergi

Nýjasta viðbótin í vörum hjá Element er



■ Element flytur inn forsmíðuð baðher-bergi frá danska fyrirtækinu Green Box. Þessi lausn hentar í mörg verk-efni, ekki síst t.d. hótél, fjölbýlishús, dvalarheimili eða einhverjar slíkar byggingar.

innflutningur á forsmíðuðum baðher-bergjum frá fyrirtækinu Green Box AS í Danmörku.

„Þetta er mjög hagkvæm lausn sem hefur verið að aukast mikið síðustu ár og hentar vel þegar um er að ræða gistiein-ingar, t.d. hótél, fjölbýlishús, dvalarheimili eða einhverjar slíkar byggingar þar sem eru mörg baðherbergi. Þessi lausn hentar frábærlega vel í uppsetningu á húsum úr krosslímdum timbureiningum en einnig í uppsteytt húsi.

Um að ræða baðherbergi sem er fram-leitt í verksmiðju eftir óskum kaupanda með öllum tækjum uppsettum, flísum og einfaldlega tilbúið til notkunar. Það eina sem þarf að gera er að tengja vatnslagnir, frárennsli og rafmagn,“ segir Sverrir en botn baðherbergjanna er steypdur og veggir eru úr stálkassettum með álímdum Fermacell plötum.

„Það má segja að Green box baðher-bergin séu af sama toga og timbureining-arnar, þ.e. gæðalausnir sem styttu bygg-ingartíma og auka hagkvæmni fyrir verk-kaupann. Það er alltaf markmiðið,“ segir Sverrir Steinn.

element.is



ÍÐNAÐARSÝNINGIN 2025

BÁS B19



Í LAUGARDALSHÖLL 9. - 11. OKTÓBER

Stólpi ryður sér til rúms á húsnæðismarkaði

kynnir fullbúnar starfsmannaíbúðir og húseiningar



„Sú nýjung sem við höfum verið að þróa og kynna á þessu ári er íbúðahúseiningar sem standast allar kröfur byggingarreglugerðar sem íbúðarhúsnæði. Það nýjasta í þeim lausnum munum við kynna á lðnaðarsýningunni en þar er um að ræða 18 fermetra íbúðir sem við horfum til að fyrirtæki geti keypt og sett niður á sínum atvinnulóðum fyrir starfsmenn. Þetta eru vandaðar og góðar íbúðir sem fyllilega standast reglugerðir sem til starfsmannahúsnæðis þarf að gera, skjót lausn á vandamáli sem mörg atvinnufyrirtæki standa frammi fyrir hvað varðar húsnæði fyrir starfsmenn,“ segir Börkur Grímsson, forstjóri Stólpa ehf.

Jákvætt samtal við sveitarfélög
Stólpi hefur lengstum verið þekktast fyrir leigu og sölu á gámum til einstaklinga en hefur á síðari árum lagt aukna áherslu á þróun ýmis konar íbúðalausna. Börkur segir fyrirtækið hafa kynnt áður nefndar lausnir fyrir starfsmannaíbúðir fyrir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að tryggja að þeim fyrirtækjum sem vilja leysa húsnæðisvanda tíma- bundið fyrir starfsmenn verði þessi leið fær.
„Sveitarfélög hafa tekið nokkuð vel í þessa hugmynd og jákvætt samtal er í gangi. Þetta teljum við að geti verið góð leið til að sporna gegn því að fólk búi

í ósamykktu húsnæði og við slæmar aðstæður, líkt og oft hefur verið fjallað um opinberlega,“ segir Börkur en umrædda íbúðalausn er líka víða verið að nýta á vinnusvæðum, t.d. í vinnubúðum Landsvirkjunar við Hvammsvirkjun sem verða tilbúnar í lok árs.
„Þetta er vöruþróun sem við höfum verið að vinna að í samstarfi við innlenda hönnuði og birgja okkar erlendis. Með þessu teljum við okkur vera að svara kalli markaðarins og bjóða vinnubúðir sem standast allar kröfur um þægindi og öryggi. Stólpi er í sérflokkki hér á landi með þessar lausnir.“

Ný lögreglustöð á Suðurnesjum
Börkur segir að Stólpi horfi einnig til stærri verkefna með húseiningar sínar enda sé um að ræða vandaða framleiðslu sem geti staðið til áratuga. Einingaframleiðslan sjálf er hjá fyrirtækinu KOMA Modular í Tékklandi. Nú í byrjun september var lokið við nýja lögreglustöð á Suðurnesjum sem er sett saman úr 36 húseiningum, samtals um 500 fermetra hús.
„Þetta er fullkomin bygging með öllu og getur auðveldlega staðið í áratugi. Framkvæmdasýsla ríkisins sá í þessari lausn okkar tækifæri til að leysa húsnæðisvanda skjótt en án þess að slá með nokkrum hætti af gæðakröfum varðandi hljóðvist, brunavarnir, loftræstingu og öryggi. Með þessum húseiningum okkar er hægt að leysa húsnæðisvanda með vönduðum hætti á mjög skömmum tíma. Um er að ræða hagkvæma byggingarleið, með stuttum byggingartíma og góðri nýtingu á



■ Stólpi reisti nú síðsumars nýja lögreglustöð á Suðurnesjum úr húseiningum. Þær komu til landsins í júlí og hálfum öðrum mánuði síðar hófst starfsemi í húsinu.

byggingarefnum til hagsbóta fyrir umhverfið. Ekki má gleyma að húsnæði sem er framleitt úr húseiningum er auðvelt að taka niður og flytja, endurnýta á nýjum stað ef notkun breytist.“ segir Börkur en þess má geta að einingarnar í húsið komu til landsins í júlí og um miðjan ágúst var búið að raða þeim upp og húsið risið. Skömmu síðar hófst starfsemi í húsinu.

Tíu raðhúsaíbúðir í Stykkishólmi
Börkur leggur áherslu á að húseiningalausnin sé mjög skilvirk og hagkvæm byggingaraðferð sem bjóði bæði upp á staðlaðar fjöldaframleiddar einingar og einnig sérútfærslur eftir óskum kaupenda. Einingarnar geti þannig verið hagkvæmasti kosturinn hvort heldur um er að ræða litlar einstaklingsíbúðir í vinnubúðum eða fjölbýlishús. Uppsetning fer fram á verkstað og auðvelt er að sérsníða lausnir



■ Börkur Grímsson, forstjóri Stólpa ehf.



■ Hentug 18 fermetra starfsmannaíbúð.



■ Starfsmannaíbúðirnar eru fullfrágengnar að innan sem utan og tilbúnar til notkunar.

enda val á byggingarefnum umtalsvert t.d. í klæðningum, gluggum o.s.frv.
„Framundan eru fleiri spennandi verkefni hjá okkur á þessu sviði, t.d. nýtt skólaþorp í Laugardal þar sem við munum reisa 900 fermetra hús á næsta ári. Sömuleiðis er í farvatninu raðhús í Stykkishólmi sem munu rísa á næsta ári en þar verða tíu 45 fermetra íbúðir. Þarna er um um að ræða mjög spennandi vöru fyrir markaðinn, þ.e. litlar og vandaðar sérbylisíbúðir þar sem hægt verður að bjóða mjög hagstætt fermetraverð og stuttan byggingartíma. Við

viljum stíga af fullum þunga inn á húsnæðismarkaðinn með okkar lausnir því þörfin er mjög mikil, bæði í starfsmannaíbúðum og á almennum húsnæðismarkaði. Þarna höfum við mjög vandaða framleiðslu að bjóða, húseiningar framleiddar af einu fremsta fyrirtæki á þessu sviði í Evrópu. Lausn sem uppfyllir byggingarreglugerð og kröfur markaðarins,“ segir Börkur og hvetur gesti lðnaðarsýningarinnar í Laugardalshöll til að líta við í bús Stólpa og kynnast því sem fyrirtækið hefur að bjóða.

stolpigamar.is



MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!



ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI



Styrkás á Iðnaðarsýningunni 2025

Félög Styrkás samstæðunnar, Skeljungur, Klettur og Stólpi sameina krafta sína á Iðnaðarsýningunni 2025, sem haldin er í Laugardalshöll 9.-11.október.

Velkomin á sýningarbás Styrkás á svæði B7!

Uppsveifla í sölu á byggingarvörum Borgarplasts

bleik rotpró til styrktar Krabbameinsféluginu



„Þetta sumar sem er að líða er eitt það besta í sölu á vörum fyrir byggingariðnað hjá Borgarplasti. Fyrirtækið er þekkt til áratuga fyrir framleiðslu á kerjum fyrir sjávarútveg og matvælaíðnað en samhlíða þeirri framleiðslu höfum við verið að auka sókn okkar inn á markað fyrir hverfisteyptar byggingarvörur og náð góðum árangri,“ segir Brynjar Guðmundsson, sölu- og markaðsstjóri Borgarplasts ehf. í Mosfellsbæ.

Fjölbreyttar byggingarvörur
Til þess sviðs framleiðslu Borgarplasts sem lýtur að byggingariðnaði teljast rotþrær, tankar, brunnar, olíuskiljur og fituskiljur.

„Á þessu sviði erum við að þjónusta byggingaraðila, jarðvinnuverktaka og aðra framkvæmdaaðila. Sem dæmi er þörf á bæði rotþróum og vatnstönkum þegar settar eru upp vinnubúðir á framkvæmdasvæðum, það þarf rotþrær við sumarbústaði og þannig mætti áfram telja. Við erum því bæði að selja okkar byggingarvörur í gegnum verslanir og beint til einstaklinga eða til verktaka,“ segir Brynjar.



■ Þessa bleiku rotþró framleiddi Borgarplast sérstaklega en hægt verður að bjóða í hana á Iðnaðarsýningunni og út októbermánuð til styrktar Krabbameinsféluginu.



■ Brynjar Guðmundsson, sölu- og markaðsstjóri Borgarplasts.

Mikill sveigjanleika í stærðum og útfærslu

Brynjar segir grunnvörurnar í stöðluðum útfærslum og stærðum en sveigjanleikinn í framleiðslunni er mikill til að mæta séróskum kaupenda um aðrar stærðir og útfærslur.

„Við höfum alla möguleika til að sérútfæra vörurnar að óskum okkar viðskiptavina. Sala á byggingarvörum hjá okkur sveiflast í takt við það sem er að gerast í byggingariðnaðinum og framkvæmdum almennt og því hefur verið mikið að gera á undanförunum misserum. En við höfum líka markvisst verið að auka okkar sýnileika á markaðnum með þessar vörur og það skýrir öðru fremur mjög gott gengi síðustu mánuði,“ segir Brynjar.

Bleik rotþró í bleikum október

Á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll verður Borgarplast með bleika rotþró í bás sínum, sannarlega óhefðbundinn litur á rotþró en það er ekki að ástæðulausu. Bleika rotþróin er nefnilega samstarfverkefni Borgarplasts og Krabbameinsfélagsins og geta áhugasamir kaupendur boðið í hana á sýningunni og til loka októbermánaðar. Andvirðið mun renna óskipt til Krabbameinsfélagsins. Góð vara í fallvegum lit til styrktar góðu málefni.

borgarplast.is

Daglegar fréttir
af íslenskum sjávarútvegi
audlindin.is

AUÐLINDIN
Auglýsingasími 898 8022
inga@ritform.is

KRANAR

- Bryggjukranar
- Iðnaðarkranar
- Báta- og skipakranar

Við erum sterkir í krönum og bjóðum staðlaðar lausnir og sérsníði frá TMP og Heila.

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland - www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

DRONEFLY

VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA



DJI Flycart30



DJI Matrice 400



Chasing X



Chasing M2 Pro Max

Landsins mesta úrval af iðnaðardrónum!



Skannaðu mig

DJI Dock 3



**Viltu kynningu á DJI Dock 3?
Hafðu samband á dronefly@dronefly.is**

Ný brú úr trefjaplasti á Kaldá



Nú í haust verður fyrsta akstursbrúin úr trefjaplasti sett upp hér á landi en um er að ræða 22 metra langa og 5 metra breiða brú sem sett verður yfir Kaldá á

Mýrum. Brúin er framleidd fyrir Vegagerðina og er samstarfs- og þróunarverkefni Trefja ehf. í Hafnarfirði og fyrirtækis í Hollandi sem sérhæfir sig m.a. í framleiðslu brúa úr trefjaplasti en þessi aðferð hefur í vaxandi mæli verið notuð í framleiðslu akstursbrúa á meginlandi Evrópu og í Noregi á undanförunum árum.



■ Fyrsta trefjaplastbrúin fyrir íslenskt vegakerfi var samstarfsverkefni Trefja, Vegagerðarinnar og hollenska fyrirtækisins sem sérhæfir sig í framleiðslu á brúm úr trefjaplasti. Hér er brúin tilbúin til flutnings frá Hollandi en hún verður hífð á sinn stað á Kaldá síðar í haust.

Þekkingin og aðstaðan til staðar
Úlfar Þór Viðarsson, fram-

kvæmdastjóri rekstrar hjá Trefjum ehf., segir að brúarsmiði hollenska fyrirtækisins hafi fyrst

vakið athygli forsvarsmanna Trefja á sýningu fyrir nokkrum árum.

Wendel með umboð fyrir gólfslípivélar frá Husqvarna CP



A. Wendel ehf. er umboðs-aðiliHusqvarna á Íslandi fyrir gólfslípivélar, iðnaðarryksugur, vatnssugur, lofthreinsitæki, Blastrac stálblástursvélur, gólf-fræsara, demants gólfslípiverkfæri og ýmsar efnavörur fyrir steinsteypt gólf og steingólf.

Áður hafði Wendel haft umboð fyrir HTC gólfslípivélar og iðnaðarryksugur í tugi ára. Gólfslípivélarnar frá HTC voru notaðar með mjög góðum árangri af múrurum, málurum og dúklagn-ingarmönnum í fjölda ára og hafa verið mest seldu gólfslípivélarnar á Íslandi í mörg ár.

Husqvarna valdi Wendel á Íslandi

Árið 2020 keypti Husqvarna Construction fyrirtækið HTC og yfirtók í framhaldi af því framleiðslu þess. Árið 2021 var framleiðslu HTC hætt í þeirri mynd sem hún var og framleiðslan sameinuð framleiðslu Husqvarna. Um leið fengu vélarnar appelsínugulan lit Husqvarna en áður höfðu HTC vélarnar skartað svörtum lit.

Husqvarna Construction valdi síðan A.Wendel ehf. sem umboðsmann sinn á Íslandi fyrir gólfslípivélar, iðnaðarryksugur, vatnssugur, lofthreinsitæki, gólf-fræsara, demants-gólfslípiverkfæri og ýmsar efnavörur. Þessar slípivélar og verkfæri eru m.a. notuð til að hreinsa lím og málningu af gólfum, slípa hvort heldur sem er gömul og ný steinsteypt gólf auk þess að pólera „terrazzo“ og steingólf.

Meta samstarfið við Husqvarna mikils

Starfsmenn Wendel eru gríðar-



■ Eigendur A.Wendel ehf Jón Wendel og Friðrik Wendel í verslun sinni að Tangarhöfða 1, Reykjavík.



■ Gólfslípun með Husqvarna gólfslípivél

lega ánægðir með samstarfið við Husqvarna CP

„Við metum þetta samstarf við Husqvarna CP mjög mikils og erum þakklát fyrir að geta áfram boðið múrurum, málurum, dúk-

lagningarmönnum og öðrum fagmönnum sem vinna við gólfslípun bestu fáanlegu vélarnar á markaðnum,“ segir Friðrik Wendel í samtali.

A.Wendel ehf. er fjölskyldu-

fyrirtæki sem hefur í hátt í 70 ár byggt rekstur sinn í kringum innflutning og sölu á vélum, tækjum og verkfærum til verklegra framkvæmda. Fyrirtækið dregur nafn sitt af stofnandanum Adolf Wendel (1920-2004) sem stofnaði fyrirtækið árið 1957 en fyrirtækið er í dag í eigu sona hans Jóns og Friðriks Wendel sem hafa rekið það frá árinu 2000.

Fjölbreyttur innflutningur hjá Wendel

Auk þess að selja gólfslípivélar frá Husqvarna selur fyrirtækið og flytur inn verkfæri, vélar og tæki frá öðrum stórum og þekktum framleiðendum svo sem snjómoksturstæki og salt-dreifara frá Epoke, Hilltip, Öve-raasen, Westa og Riko, jarðvegsþjöppur, valtare, malbikunar-

stöðvar og ABG malbikunarvélar frá Ammann, kjarnaborvélar og steinsagir frá AGP og Hycon, götusópa frá Faun, holræsa-búnað frá Rioned, umferðar-öryggisbúnað frá Nissen, steypuverkfæri frá Kraft Tool, brotverkfæri frá Hycon, Aquajet og Brokk, demantssagarblöð, dósabora, bollaskífur, fræsihjól og margt fleira frá ýmsum framleiðendum.

Upplýsingar um vöruúrval A. Wendel ehf. má alltaf má nálgast á vefnum wendel.is en auk þess er alltaf heitt á könnunni og starfsmenn taka vel á móti öllum sem vilja kikja við að Tangarhöfða 1 í Reykjavík.

wendel.is



■ Úlfar Þór Viðarsson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá Trefjum ehf.

„Í framhaldi af því fórum við að kynna okkur möguleika á að nýta þessa tækni í brúarsmiði á Íslandi því við vitum að í vegakerfinu er gríðarleg þörf á endurnýjun brúa. Trefjaplast hefur mikla kosti í framleiðslu á svona mannvirki og hjá okkur er öll þekking til staðar í slíka framleiðslu; aðstaða, búnaður og viðgjörðum framleiðsluáðferðirnar,” segir Úlfar en sem kunnugt er sérhæfir Trefjar sig í smíði báta úr trefjaplasti, búnaður fyrir t.d. fiskeldi og þá er fyrirtækið sömuleiðis mjög þekkt fyrir framleislu á heitum pottum.

Mjög stuttur framkvæmdatími

Úr varð að Trefjar fóru í samstarf við hollenska fyrirtækið og Vegagerðina í verkefni þar sem áður nefnd brú á Kaldá á Mýrum var framleidd. Brúin var hönnuð í góðu samstarfi milli Trefja, hollensku framleiðandanna og Vegagerðarinnar, brúin er svo væntanleg til landsins á næstu dögum. Áformað er að flytja hana að Kaldá síðar í október og hífa í brúarstöðið í stað gömlu brúarinnar á ánni sem er gömul og úr sér gengin.

„Þetta verkefni undirstrikar hversu öflugt trefjaplast er í alls konar smíði. Það er auðveldlega hægt að útfæra hvert og eitt verkefni í framleiðslu út frá þeim styrk sem þarf að ná og reynslan í Noregi og á meginlandi Evrópu hefur sýnt hversu gott þetta efni er í brúarsmiði. Framkvæmdin sjálf tekur aðeins brot af þeim tíma sem færi í að byggja nýja brú á staðnum, trefjaplastbrúin er mun léttari en brýr úr steypu eða stáli og einmitt vegna þess hversu létt brúin sjálf er þá verður burður hennar meiri,” segir Úlfar Þór.

Tækifæri fyrir Trefjar

Notaðar verða undirstöður eldri brúarinnar á Kaldá fyrir nýju trefjaplastbrúna og því verður ekki þörf á nýrri veglöggn í tengslum við framkvæmdina. Úlfar Þór áætla að það taki fáeina daga að hífa brúna á sinn stað, ganga frá handriðum og öðrum atriðum sem þessari framkvæmd tengjast.

„Markmiðið er að hér eftir verði framleiðsla á brúm inni á gólfi hjá okkur í Trefjum enda allt til staðar í þessa framleiðslu. Við vitum að þörfin fyrir endurnýjun gamalla brúa er mikil á Íslandi og þessi lausn er mjög hagkvæm, að ekki sé talað um framkvæmdahraðann. Vonandi getur brúarsmiði orðið ný stoð sem við getum byggt undir okkar starfsemi hjá Trefjum,” segir Úlfar Þór.



■ Framkvæmdatíminn við brúarskiptin á Kaldá verður aðeins brot af þeim tíma sem það hefði tekið að steypa nýja brú.



ÁRATUGA REYNSLA
AF INNFLUTNINGI OG SÖLU Á SVÖRTU STÁLI



RYÐFRÍTT STÁL, ÁL & PLAST
ÖRT VAXANDI Á ÍSLENSKUM MARKAÐI



MIKIÐ ÚRVAL AF EFNI Á LAGERUM OKKAR
ÖFLUG SÉRPÖNTUNARÞJÓNUSTA
VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI

AFGREIÐSLUTÍMAR
Mán-Fim 8-17
Fös 8-16

ÍSHELLA 10
221 Hafnarfjörður
Skrifstofa og lager
568 6844

RAUÐHELLA 2
221 Hafnarfjörður
Sölumenn og lager
568 6844

ODDEYRARSKÁLI
600 Akureyri
Söluskrifstofa
568 6824

568 6844
ga@ga.is
www.ga.is

Skuldadagar í viðhaldi veganna

Í skýrslu Samtaka iðnaðarins kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsskuld á vegakerfinu sé orðin allt að 300 milljarðar króna og þörf á risaátaki

Mikil umræða hefur verið undanfarna áratugi um mikilvægi þess að hlúa vel að innviðum landsins, ekki síst vegakerfinu því hagsæld í öllum landshlutum sé jú háð góðum samgöngum. Því miður hefur raunveruleikinn verið annar og viðhald samgöngumannvirkja árlega skorið við nögl. Samtök iðnaðarins fjalla um ástand kerfisins í viðamikilli skýrslu sem út kom í febrúar á þessu. Sú mynd sem þar er dregin upp af ástandi helstu innviða er hreint ekki glæsileg. En felur auðvitað einnig í sér tækifæri. Við gripum niður í mati SÍ á ástandi vegakerfisins í nútíð og framtíð.

Bágborið ástand

Í úttekt SÍ kemur fram að vegakerfi Íslands er tæplega 26 þús. km að lengd og skiptist að jöfnu á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Á þjóðvegum landsins er bundið slitlag á um 5.900 km en 7.000 km eru malarvegir. Á vegum í eigu sveitarfélaga er bundið slitlag á um 2.500 km en malarvegir eru 10.600 km. Í landinu eru um 1.200 brýr og af þeim eru rúmlega helmingur einbreiðar. Stefnt er að því að engin einbreið brú verði á hringveginum um 2040. Meðalaldur brúa á ríkisvegum er um 45 ár og ljóst að ráðast þarf í endurnýjun flestra þeirra á næstu árum. Jarðgöngin okkar eru 14 talsins, lengd þeirra um 64 km og meðalaldur 20 ár.

Í greinargerð SÍ um ástand þjóðvega segir m.a.: „Ástand vegakerfisins er almennt ekki að uppfylla nútímakröfur. Stórir hlutar þjóðvegakerfisins uppfylla ekki lágmarksviðmið sem lúta að hrörnun slitlags, hjólfaradýpt, sprungumyndun og holumyndun (burðarþolsskemmdum), kantskemmdum, o.fl. þáttum. Ef fer fram



■ Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins var uppfærður á síðasta ári. Markmið hans er m.a. að auka öryggi, greiða fyrir bílaumferð og efla almenningssamgöngur.

sem horfir verður erfitt að uppfylla ýrustu gæðakröfur til framtíðar m.t.t. öryggis, aðgengis og umferðarflæðis.“
Og um ástand vega í umsjón sveitarfélaganna segir í skýrslunni: „Ástand vega á forræði sveitarfélaga hefur hvorki verið metið með kerfisbundnum hætti síðustu ár né farið fram ítarleg og samræmd

greining á ástandi þeirra. Upplýsingar um ástand sveitarfélagavega eru því af skornum skammti. Þó fengust upplýsingar á vinnslustigi frá stærri sveitarfélögum. Ljóst er að stór hluti kerfisins er kominn yfir áætlaðan líftíma, jafnvel meira en þjóðvegakerfisins. Þegar ályktanir eru dregnar um ástand og áætl-

aðan líftíma sveitarfélagavega á landinu öllu er gengið út frá þeirri forsendu að ástandið þar sé verra en á þjóðvegum. Mikil þörf er fyrir almennar endurbætur í kerfinu.“


300 milljarða viðhaldsþörf
Af þessum upplýsingum fengnum er ljóst



■ Miklar fjárhæðir renna árlega úr ríkissjóði til nýframkvæmda í vegakerfinu. Viðvarandi niðurskurður til viðhalds kerfisins er hins vegar að koma þjóðinni í koll. Átaks er þörf.

Uppsöfnuð viðhaldsskuld þjóðveganna er um 200 milljarðar króna og sveitarfélagavega allt að 90 milljarðar til viðbótar. Auk þessara 300 milljarða þarf því gríðarlegt fjármagn til nýrframkvæma og uppfærslna á vegakerfi landsmanna á næstu árum.

að verk er að vinna. Helstu afsakanir stjórnámálanna fyrir þessu bágborna ástandi er að á Íslandi búi fámenn þjóð í stóru landi. Vissulega má það til sanns vegar færa en þá hlýtur hið fornkveðna að eiga við: Ef sverðið þitt er stutt gakktu þá feti fram. En vegna áralangs niður-skurðar á fjárframlögum þingsins og sveitarfélaganna til viðhalds vegakerfis-ins er nú komið að skuldadögum. Í fyrrnefndri skýrslu kemur fram að vegakerfið samanstandi af mörgum ólíkum eignum sem hafi mismunandi líf-tíma. Sumar þeirra verði fyrir beinu álagi umferðar og aðrar ekki. Fjöldi vega sé kominn á tíma og ekki hafi tekist að sinna viðhaldi og endurnýjun nægilega vel. Vegagerðin hafi áætlað að viðhaldsskuld á öllu vegakerfi Vegagerðarinnar sé varlega metin um 200 milljarðar króna. Þá er ekki talinn með kostnaður vegna endurbygg-ingar kerfisins. Þá segir orðrétt: „Gögn yfir sveitarfélagavegi er ekki gott að finna og því erfitt að fjölyrða um uppsafnaða viðhaldsskuld þeirra og hvort það fjármagn sem verður varið í viðhald



■ Víða er kallað eftir jarðgöngum á þjóðvegakerfinu og stórum verkefnum lokið. En betur má ef duga skal. Meðalaldur jarðganga á Íslandi eru 20 ár og þau eru misjöfn að gerð eftir aldri.

þeirra komi til móts við þörfina. Á höfuð-borgarsvæðinu hefur verið lögð áhersla á að auka hlutdeild almenningssamgangna og virkra samgangna í ferðamátavali. Uppsöfnuð viðhaldspörf sveitarfélaga-vega er hér metin um 65-90 milljarðar króna vegna endurnýjunar bundins slit-lags, styrkingar og almennra endurbóta á vegakerfinu.“

Vonum að Eyjólfur hressist
Samkvæmt þessum tölum er ljóst að ef Íslendingar ætla að koma vegakerfinu í gott lag á næstu 15 árum þurfi að leggja fram allt að 20 milljarða kr. á ári af al-mannafé. Í ljósi sögunnar verður að teljast ólíklegt að þetta takist því til þess er við-haldsskuldin þegar orðin of stór. Innvið-aráðherrann okkar í dag heitir jú Eyjólfur Ármannsson og við vonum að hann hress-ist og sýni hugkvæmni og dug í að tryggja fjármagn til verkefnisins! Það er nefnilega mikið í húfi.



■ Mjög litil endurnýjun hefur verið á brúm landsins undanfarin ár og margar ein-breiðar brýr uppfylla ekki reglur nútímans, hvorki hvað varðar burðarþol né umferðaröryggi.

Sjáumst á Iðnaðarsýningunni
í Laugardalshöll 9. - 11. október

ÖRUGGT
VIÐHALD

VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -

www.vpallar.is – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is

Slátturóbótarnir slá í gegn hjá Aflvélum



Vélbúnaður af ýmsum stærðum og gerðum er þungamiðjan í rekstri fyrirtækisins Aflvéla ehf. en það kynnir starfsemi sína og vörur á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Fyrirtækið hefur starfað í rúm 20 ár og selur vélar og tæki frá mörgum heimsþekktum framleiðendum til bæði fyrirtækja og einstaklinga.

Allt frá minnstu tækjum til þeirra stærstu
„Flóran í vöruúrvali okkar má segja að spanni allt frá litlum slátturóbótum upp í stærstu sópa og snjómoksturstæki fyrir flugvelli. Og allt þar á milli,” segir Friðrik Ingi Friðriksson, framkvæmdastjóri og eigandi Aflvéla. Hann segir fyrirtækið koma við sögu í mörgum atvinnugreinum, auk sölu til einstaklinga. Þannig eru Aflvélar til að mynda með öflugra starfsstöð á Selfossi í þjónustu við landbúnað og selja þar m.a. tvö af þekktustu merkjum í dráttarvélum á Íslandi, Valtra og Massey Ferguson.

„Annað stórt svið hjá okkur eru tæki frá Aebi Smith en þar er um að ræða allar stærðir og gerðir af sópum og snjóhreinsitækjum, allt frá götusópum upp í stærstu tæki fyrir hreinsun á flugbrautum. Flugvallatæki höfum við til að mynda selt á undanförunum árum til flestra flugvalla hér á landi og í Grænlandi,” segir Friðrik Ingi.

Slátturóbótarnir rokseljast
Sú vara hjá Aflvélum sem segja má að hafi slegið algjörlega í gegn í sumar eru slátturóbótar frá framleiðandanum Mammotion. Í þessum vörum sem mörgum öðrum bjóða Aflvélar margar stærðir og gerðir, allt eftir því sem hentar hverjum og einum kaupanda.
„Slátturóbótarnir frá Mammotion hafa reynt alveg frábæra vel, hvort heldur er í garðinum eða við sumarbústaðinn og stærri gerðirnar höfum við selt á golfvelli og til notenda sem hafa stærri svæði að slá. Þetta er tilþölulega nýtt merki sem hefur skotist upp á stjörnuhimininn, róbótar sem anna allt upp í 10 þúsund fermetra svæðum. Það tala margir um hversu mikill léttir er að sleppa við að slá og



■ I-mop gólfþvottavélarnar eru meðal þess sem fyrirtækið selur í hreinlætisbúnaði.



■ Friðrik Ingi Friðriksson, framkvæmdastjóri Aflvéla ehf.

hirða og einn viðskiptavinurinn hafði á orði að þetta væru bestu kaup sem hann hefði nokkru sinni gert,” segir Friðrik Ingi en Mammotion róbótarnir verða sýndir í bás Aflvéla í Laugardalshöll.

Fjór hjól, gólfþvottavélar og húseiningar
Fjór hjólin hjá Aflvélum njóta einnig mikilla vinsælda en fyrirtækið selur hjól frá þremur framleiðendum, þau minnstu frá Access en stærri og öflugri



■ Aebi-Schmidt sameyki með flugvallarsóp. Aflvélar þjónusta flugvelli á Íslandi og í Grænlandi með þessi tæki.



■ Mammotion slátturóbótar hafa fengið góðar viðtökur á Íslandi.



■ Nýja Loncin X-Wolf 1000 cc fjór hjólið frá Loncin.

hjólin eru frá Loncin og Odes, allt upp í 1000 cc að stærð.
„Þetta eru vel búin og frábær hjól sem hafa fengið góðar viðtökur hér á landi enda á afar hagstæðu verði,” segir Friðrik Ingi en hjólin verða til sýnis í Laugardalshöll.
Í básnum verður einnig úrval af gólfþvottavélum til heimilis- og iðnaðarnota og þá mun sam-

starfsfyrirtæki Aflvéla í Lettlandi kynna samlokueiningar fyrir húsbýggingar en þetta fyrirtæki hefur nú þegar selt slíkar einingar í mörg verkefni hér á landi.
Sjón er því sögu ríkari í kynningarbásnum á sýningunni.

aflvelar.is

Nýtt hringtorg við Akureyri

Framkvæmdir standa yfir við gerð nýs hringtorgs á mótum Hringvegjar og Lónsvegjar við bæjarmörk Akureyrarbæjar og Hörgársveitar. Mikil umferð er á þessum slóðum og er framkvæmdum ætlað að bæta umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Framkvæmdum á að ljúka á næstu vikum.
Innifalið í verkinu er nýtt ræsi fyrir Lónsá undir hringveg en það mun liggja undir nýja hringtorgið. Einnig er innifalið í verkinu gerð göngustíga sem og gerð nýrrar aðkomugötu frá Lónsvegi að lóð ÁK-smíði, vestan við hringveg.. Jafnframt verður endurgerð tenging að lóð Lónsbakka austan við hringveg.
Í nýutkomnum Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar kemur fram að breytingar á lagna-kerfum veitufyrirtækja séu stór þáttur í framkvæmdinni. Umferðarpungi sé mikill á þessum vegkafla sem liggur á mörkum tveggja sveitarfélaga, annars vegar Akureyrarbæjar og hins vegar Hörgársveitar en sveitar-



■ Nýja hringtorgið er á mótum hringvegjar og Lónsvegjar við Akureyri.

Ljós. Vegagerðin.

félagsmörkin liggja eftir Lónsá. Þar segir og að meðalumferð á dag yfir árið sé 5.100 bílar á sólarhring norðan Lónsvegjar og 5.800 bílar sunnan vegarins. Á

sumrin bætist um 2.000 bílar við á hverjum sólarhring. Á Lónsveginum er umferðin um 520 bílar á sólarhring yfir árið.

vegagerdin.is

KASK
ÖRYGGISHJÁLMAR



ÖRYGGISVÖRUR SKIPTA HÖFUÐMÁLI

Kíktu í vefverslun okkar [DYNJANDI.IS](https://dynjandi.is) til að sjá möguleikana
eða hafðu samband og fáðu faglega ráðgjöf hjá starfsfólkinu okkar.



allt fyrir öryggið

VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI
Í LAUGARDALSHÖLLINNÍ DAGANA 9. TIL 11. OKTÓBER 2025



VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI
Í LAUGARDALSHÖLLINNÍ DAGANA 9. TIL 11. OKTÓBER 2025

Sýningarsvæðið



VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI
Í LAUGARDALSHÖLLINNÍ DAGANA 9. TIL 11. OKTÓBER 2025
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!



Iðnaðarsýningin 2025 – sýnendur

3D Verk	B-28	GLI	B-1	Leigulyftur	B-30	Sölutraust	B-28
Advania	B-26	Gnýr	B-34	Léttitækni	B-30	STF/Símenntun HA/Stjórnendanáms	B-16
Aflvélar	B-18	Hampiðjan Ísland	B-13	Marpol	B-25	Stormur	B-24
Bakvakt	B-25	Harka	B-23	MD vélar	B-33	Svar tækni	B-16
Bambahús	B-17	Helgun	B-5	MHG verslun	B-21	Tandur	B-4
Bergnes	B-35	Hringrás	B-23	Nitro Sport	B-10	Trefjar	B-27
BL/Ísorka	B-3	Húsagerðin	B-10	Nordic Homes	B-26	Tryggingamiðlun Íslands	B-3
Bluetti á Íslandi	B-18	Hydroscand	B-17	Nortek/Nordata/Láshúsið	B-5	Tryggingar og Ráðgjöf	B-16
Borgarplast	B-5	Iðan-fræðslusetur	B-25	Pago Hús	B-9	Umbúðagerðin	B-12
Brimborg/Max1/Flandur/Bilorka	B-21	Ísband	B-26	PON/Ísold/Aflhlutir	B-19	Vallarbraut	B-25
Brunahólf	B-28	Ísblik	B-22	Protec trading	B-3	Vatnsvirkinn/vinnuföt	B-24
BYKO	B-12	Ísfell	B-30	Punktaský	B-22	Vélaborg	B-9
Diesel Afl	B-23	Íshúsið	B-17	Rafbox	B-29	Verkpallar	B-27
DJI Reykavík	B-9	Íslenska Gámafélagið	B-31	Reykvörn	B-30	Vinnupallar	B-8 og B-14
Dronefly	B-4	Íslyft ehf	B-11	RST Net	B-25	Vinnuvélar og Ásafl	B-15
Dynjandi	B-28	Ísrör	B-10	Rými	B-8	Vista	B-5
Element	B-11	Járn og gler	B-1	Sany / Elfoss	B-20	Wendel	B-6
Fálkinn Ísmar	B-6	Jón Bergsson	B-15	Set	B-13	Wurth á Íslandi	B-32
Fogo Safety Solutions	B-22	Keilir Pro	B-24	Sigurplast/Samhentir/ Formar/Vörumerking	B-24		
Friðrik A Jónsson/Marás	B-6	Kemi/Poulsen	B-14	Slippfélagið	B-31		
GA Smíðajárn	B-24	Klettur/Styrkás/Skeljungur/Stólpi	B-7	Slysavarnafélagið Landsbjörg	B-27		
Gastec/VP hurðir	B-29	Krita	B-24				

Lykillinn að fallegum og endingargóðum húsum



„Við viljum sýna hvað góð klæðning og rétt handbragð geta gert,“ segja þeir Ásgeir Kristján Ólafsson sölustjóri utanhússklæðninga hjá BYKO og Viðar Magnússon, sölumaður hjá BYKO sem hlakka til að taka á móti gestum Iðnaðarsýningarinnar og kynna fjölbreytt úrval klæðninga hjá BYKO. „Það er ómetanlegt að hitta bæði fagfólk og áhugasama einstaklinga, ræða lausnir og sýna hvað við getum boðið.“

Sérhannað kerfi fyrir íslenskar aðstæður

Ásgeir hefur verið lengi í byggingargeiranum og segir að starfið í dag sé einstaklega fjölbreytt með nýjum áskorunum daglega. Hann hefur átt stóran þátt í að byggja upp klæðningadeildina hjá BYKO síðustu fimm ár og telur það bæði spennandi og skemmtilegt verkefni.

„Þetta hefur verið krefjandi, skemmtileg og afar fróðleg vegferð,“ segir Ásgeir. „Við höfum lagt mikla áherslu á að þróa okkar eigið undirkerfi sem er sérhannað fyrir íslenskar aðstæður og það efni sem við seljum. Það þýðir að við getum boðið lausnir sem standast íslenskt veðurfar og þau fjölbreyttu verkefni sem verktakar og hönnuðir takast á við.“

Viðar bætir við að markmiðið sé alltaf að styðja verktakana. „Við höfum haldið námskeið og veitt ráðgjöf um hvernig best er að vinna við klæðningar,“ segir hann. „Þannig tryggjum við að útkoman verði falleg, endingargóð og eins viðhaldsfrí og hægt er næstu áratugin.“

Fegurð, ending og mikið úrval

BYKO býður upp á klæðningar sem sameina góða eiginleika, langan endingartíma og fjölbreytt úrval af litum og útfærslum á mynstri.

Álklæðningar – Fáanlegar í fimm lagerlitum RAL 9010, 7016, 7037, 7022 og 9005 (með matti áferð.) Þá býður litakerfi Stac Bond upp á sérpöntun í fjölmörgum litum, mynstrum og flestum RAL litum. Plöturnar eru 1500x3000x4 mm en hægt er að panta allt að 6 metra lengd. Þær eru bæði umhverfisvænar og eldtefjandi samkvæmt Bs1 staðli, með möguleika á A2 óbrennanlegu efni. Hægt er að fræsa, forma og falda brúnir eftir þörfum og til er flasningaefni í samsvarandi litum fyrir heildstæðan frágang.

Swisspearl – Trefjasegmentsplötur sem hafa sannað gildi sitt hér á landi í yfir 14 ár. Þær má nota einar og sér eða í bland við ál og timbur. Plöturnar eru til í nokkrum stærðum en einnig er hægt að sérpanta sniðnar og boraðar plötur eftir þörfum. BYKO býður upp á fjóra lagerliti og fjölbreytt úrval sérlita og áferða.

Lunawood – Umhverfisvænt timbur unnið úr finnskri furu og greni, hitað við 212°C til að tryggja formfestu og draga úr rakaupptöku. Viðurinn er kjörinn í íslenskar aðstæður, hvort sem er í úti-vistarrými, spa eða sánaklefa. Lunawood hefur PEFC upprunavottun, sem tryggir sjálfbæran uppruna.

Timbur og bárujárn – Að auki býður BYKO upp á fjölbreytt úrval af hefðbundnum timburklæðningum ásamt hinu rótgróna bárujárn sem hefur fylgt okkur í yfir 100 ár. Þessi efni hafa í áratugi mótað íslenska byggingarmenningu og eru áfram



■ Ásgeir Kristján Ólafsson og Viðar Magnússon, sölumenn hjá BYKO.



■ BYKO hefur þróað eigið undirkerfi fyrir utanhússklæðningar sem Ásgeir Kristján segir sérhannað fyrir íslenskar aðstæður.



■ Klæðningarnar frá BYKO sameina góða eiginleika, langan endingartíma og fjölbreytt úrval af litum og útfærslum á mynstri.

vinsæl fyrir bæði nýbyggingar og endurbætur.

„Við leggjum áherslu á rétta lausn fyrir þig“

Viðar bendir á að styrkur BYKO felist ekki bara í vöruúrvalinu heldur einnig í ráðgjöfinni. „Það er ekki nóg að selja plötu eða timbur – það þarf líka að leiðbeina um uppsetningu, val á undirkerfi og rétta meðhöndlun. Þannig fá verktakar og húsfélög bestu mögulegu niðurstöðu.“

Ásgeir tekur undir þetta. „Það sem skiptir mestu máli er að lausnin endist. Íslenskt veður er krefjandi en með réttri uppsetningu og vönduðum efnum er hægt að tryggja að klæðningin haldi sér falleg og sterk í áratugi.“

Á sýningunni munu þeir Ásgeir og Viðar standa á básnum, tilbúnir að sýna efni, svara spurningum og ræða framtíðarverkefni. „Við hlökkum til að hitta sem flesta,“ segir Ásgeir að lokum.

Ertu stjórnandi?

Við vinnum fyrir þig.



Við erum í bás B – 16
á lönnaðarsýningunni 2025



www.stf.is

Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Ert þú í stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða starfsmaður sem hefur mannaforráð?

Ert þú einyrki og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi?

Aðildarfélög Sambands stjórnendafélaga eru sjö talsins um land allt.

Félagsmenn eiga rétt á aðstoð úr einum besta sjúkrasjóði landsins og njóta styrkja úr einum öflugasta menntasjóði landsins til að sækja sér aukna menntun í starfi.

Kannaðu hvort þú eigir erindi í eitthvert af sjö aðildarfélögum STF.

Við tökum vel á móti þér!



■ Gunnar Guðmundsson á sviði í Herning, ásamt fleiri verðlaunahöfum.

Ísland á verðlaunapalli á EuroSkills

Keppandi Íslands í iðnaðarrafmagni vann til bronsverðlauna á Evópumóti iðn- og verkgreina

Gunnar Guðmundsson, keppandi í iðnaðarrafmagni, vann til bronsverðlauna í sinni keppnisgrein á Evrópumóti iðn- og verkgreina, EuroSkills 2025, sem fram fór í Herning í Danmörku 9.-13. september.

Tveir íslenskir keppendur hlutu auk þess „Medal of excellence“ fyrir þjálfarvinsson. Það voru Daníel Björvinsson fyrir matreiðslu og Daniel Francisco Ferreira, sem keppti í húsarafmagni. Andrés varð níundi í matreiðslu en Daniel fimmti.

Gunnar öðlaðist keppnisrétt á EuroSkills eftir að hafa staðið sig vel á Íslands- móti iðn- og verkgreina sem fram fór í Laugardalshöll 2023.

Algóritminn leiddi hann í rafmagnið
Í aðdraganda mótsins var hann spurður hvernig það hafi komið til að hann leiddist út í rafmagnið. Hann svaraði því til að þegar hann var í efstu bekkjum grunnskóla hafi hann farið að horfa svoltið á myndbönd á Youtube. Þar hafi rafvirkjar verið mjög áberandi. Þannig má segja að algóritminn hafi átt sinn þátt í því að Gunnar fór þessa leið.

„Pabbi er símsmiður og ég hafði unnið svoltið með honum. Við höfðum til dæmis gert upp sumarþústað. Ég hafði áhuga á að vinna með höndunum og skráði mig svo bara í nám í Tækniskólanum. Svo er ég bara kominn hingað,“ sagði hann í aðdraganda keppinnar.

Rúmlega 100 þúsund gestir á EuroSkills

Þúsundir aðstandenda og annarra áhorfenda hylltu verðlaunahafa í keppnishöllinni Boxen, þar sem verðlaunaafhendingin fór fram. Gríðarleg stemmning var í höllinni og raunar á mótinu öllu, enda vel staðið að allri skipulagningu.

Um 600 keppendur kepptu í 38 iðn- og verkgreinum á EuroSkills til þessu sinni en Íslendingar áttu fulltrúa í þrettán greinum. Þær hafa aldrei verið fleiri. Að auki tóku fjórtán expertar þátt fyrir hönd Íslands en það eru þjálfarar keppenda sem jafnframt gegna hlutverki dómara í keppninni. Alls taldi hópurinn 41 einstakling.

Keppnisdagarnir voru þrír, miðvikudagur, fimmtudagur og föstudagur, en keppendur höfðu undirbúið sig vikum og mánuðum saman í aðdraganda mótsins en stéttarfélag þeirra iðngreina sem



■ Hér er Gunnar á þriðja keppnisdeginum.



■ Tólf af þrettán keppendum, ásamt liðs stjóra (fremri röð t.v.) og forseta Íslands.

keppt var í tóku drjúgan þátt í að fjármagna þátttöku Íslands, ásamt Verkið, Rafmennt, Iðunni fræðslu- og stjórnvöldum. Alls lögðu 103 þúsund gestir leið sína á EuroSkills í Herning.

Við heimkomuna til Íslands, að keppni lokinni, tók forseti Íslands á móti keppendum og fylgdarliði að Bessastöðum, þar sem keppendur og expertar voru heiðraðir.



■ Mikil stemmning var í höllinni á verðlaunaafhendingunni.

Þetta er í annað sinn sem Ísland kemst á pall á EuroSkills en Ásbjörn Eðvaldsson hlaut silfurverðlaun í rafeindavirkjun árið 2018.

FULLKOMNUN Í HVERJU SMÁATRIÐI



Hágæða hurðir, gluggar og hlið fyrir heimili og fyrirtæki



Öryggisgirðingar



Færanlegt öryggishlið



First Water

Fyrir hönd First Water get ég fyllilega mælt með vörum og þjónustu frá Keilir Pro. Starfsmenn Keilir Pro eru ávallt reiðubúnir að finna bestu og hagkvæmustu launir fyrir okkur og um leið að hagkvæmni sé höfð að leiðarljósi.

Gísli Vigfússon lagerstjóri First Water



Folium

Við höfum notað glugga, iðnaðarhurðir, gönguhurðir ásamt hliðum og girðingum frá Keilir Pro í allar okkar nýhbyggingar. Alltaf toppþjónusta frá KeilirPro og vörurnar frá Winiowski eru algjörlega framúrskarandi á markaðnum.

Guðmundur Sveinn Einarsson framkvæmdastjóri Folium

Verið velkomin á bás B-24
á lðnaðarsýningunni 2025



Smiðjuvelli 17 - 300 Akranesi
Sími 419 0880
keilirpro@keilirpro.is
www.keilirpro.is

Ný bílskúrshurð með öllu hjá Keili Pro



Keilir Pro er ungt fyrirtæki sem er að harsla sér völl hér á landi í innflutningi, sölu og uppsetningum á bílskúrshurðum, eldvarnarhurðum, öryggishliðum, gönguhliðum, gönguhurðum fyrir t.d. stigaganga, iðnfyrirtæki og fleira frá pólska framleiðandanum Wisniewski. Friðgeir Stefánsson, verkefnastjóri hjá Keili Pro, segir stofnendur fyrirtækisins fyrst hafa kynnst framleiðslu pólska fyrirtækisins þegar þeir unnu fyrir nokkrum árum við uppsetningar á bílskúrshurðum og þá hafi gæði þessarar framleiðslu strax vakið athygli þeirra. Úr hafi orðið að stofna Keili Pro í þeim tilgangi að bjóða vörur Wisniewski hér á landi.



■ Friðgeir Stefánsson, verkefnastjóri hjá Keili Pro.

Múrverkið er fjölbreytt og skemmtilegt segir Eyjólfur Eiríksson, Iðnaðarmaður ársins 2025

„Þetta byrjaði þannig að vinur pabba er múrari og ég fór í sumarstarf hjá honum síðasta árið í menntaskóla og fannst múrverkið skemmtilegt. Ég vissi að mig langaði miklu frekar að vinna í einhverju handverki frekar en vera í skrifstofustarfi allan daginn svo að eftir menntaskóla þá fór ég í nám og á samning og lauk náminu í fyrra,“ segir Eyjólfur Eiríksson, 24 ára Garðbæingur sem hlaut fyrr á árinu titilinn Iðnaðarmaður ársins 2025 í árlegu vali útvarsstöðvarinnar X977 í samstarfi við Sindra.

„Ég fór strax í bóklega iðn-námið eftir stúdentinn og gat lokið því á styttri tíma þar sem ég fékk metin fög úr stúdents-prófinu. Ég var því að vinna mikið í múrverkinu samhliða náminu,“ segir Eyjólfur sem vinnur enn hjá sama fyrirtæki og hann byrjaði fyrst að vinna hjá í sumarvinnunni; Múrþjónustu Helga Þorsteins hf. í Reykjavík. Bóklegt nám í múrverki tekur tvö og hálft ár og því til viðbótar er svo samningstími hjá meistara áður en að sveinsprófi í iðninni kemur.

Fjölbreytt verkefni

Nám og starf múrara segir Eyjólfur að sé mjög fjölbreytt.

„Til viðbótar við hefðbundið múrverk lærum við að flísaleggja, hlaða, gera við sprungur, steina, steypa og pússa gólfplötur og margt fleira. Það er eiginlega hægt að orða það þannig að allt sem tengist steini er á fagsviði múrara. Svo getur það verið mjög



■ Eyjólfur Eiríksson með prófskírteini sitt eftir að hafa lokið námi í múrið hjá Tækniskólanum.

misjafnt milli vinnustaða hversu fjölbreytt verkefnið er hjá múrurum; sum fyrirtæki eru sérhæfð í ákveðnum þáttum múrverksins, kannski steypu eða flísalögn, en svo eru önnur fyrirtæki sem taka alla flóruna af verkefnum. Þannig er um fyrirtækið sem ég vinn hjá og því eru mín daglegu verkefni afar fjölbreytt. En vissulega getur verið ákveðin fjölbreytni í starfinu þó menn séu sérhæfðir á ákveðnum sviðum, til að mynda í flísalögn. Þú getur verið einn daginn að flísaleggja í eldhúsi og þann næsta að flísaleggja heitan pott í einhverri sundlauginni.

Almennt held ég að þessi iðngrein bjóði upp á mjög mikla fjölbreytni.“

Verður alltaf þörf á múrurum

Eyjólfur segir að í vinnunni komi hann víða við og mikið er um þjónustuverkefni hjá stórum fyrirtækjum. En eru einhver verkefni múrarans sem Eyjólfur þykir skemmtilegri en önnur.

„Það væri þá einna helst steypuvinnan, ekki vegna þess að mér þyki hún skemmtilegust heldur fyrst og fremst vegna þess að ég er sjaldnar í slíkum verkefnum. Mér finnst skemmtilegast þegar dags-

verkið er mjög sýnilegt, t.d. í nýpússuðum veggjum eða slíku,“ segir Eyjólfur. Fyrir nokkrum áratugum voru nær öll steinsteypt hús múruð og pússuð að utan sem innan en á síðari tímum hafa fjölbreyttar klæðningar rutt sér til rúms. Eyjólfur segist engar áhyggjur hafa af framtíð múriðarinnar þrátt fyrir þessar breytingar.

„Verkefnið breytast vissulega með árunum. Þrátt fyrir þessar breytingar þarf alltaf að steypa plötur, flísaleggja baðherbergin, halda pússuðum húsum við og svo framvegis. Þess vegna verður áfram þörf fyrir iðnmenntaða múrara en auðvitað er þróun í múrverkinu og til dæmis var á tímabili mikið um að hús væru hraunuð að utan en það tíðkast ekki í dag. Ég held að það sama eigi við um múrverkið eins og annað í byggingariðnaði og öðrum iðngreinum almennt að það er sífelld þróun og breytingar.“

Múrverkið líkamlega léttara en margir halda

Eyjólfur kannast vel við að margir hafi þá ímynd af múrverki að þetta sé líkamlega mjög erfitt starf. Starfið segir hann léttara en margir haldi.

„Já, ég kannast við þetta viðhorf. Það hefur mikið breyst í þessu og persónulega finnst mér þetta ekki líkamlega erfitt starf. Sementspokar eru t.d. orðnir miklu minni en almennt var áður, sama er um flísa-pakkningar og fleira. Auðvitað slitnar maður í þessari vinnu

eins og öllu öðru en ef maður notar góðan stuðningsbúnað eins og t.d. hnéhlífar, hugsar um skrokkinn og stundar líkamsrækt og styrktaræfingar þá finnur maður ekki mikið fyrir vinnuöðgunum,“ segir Eyjólfur.

Aðspurður segir hann skort á fagmenntuðum múrurum, líkt og flestum iðnaðarmönnum. „Það er því miður of mikið um að verið sé að taka lægsta tilboði frá einhverjum sem eru ekki iðnmenntaðir en segja verkkaupanum að þeir séu með þekkingu og reynslu. Því miður eru svo hlutirnir í mörgum slíkum tilfellum ekki unnir rétt. Ég hef komið að því að vinna aftur upp verkefni sem þannig hefur verið um. Það borgar sig alltaf að kaupa þjónustu frá fagmenntuðum iðnaðarmönnum með þekkingu og reynslu.“

Neikvæðni í garð iðnmenntunar ennþá merkjanleg

Eyjólfur segist fá mismunandi viðbrögð þegar hann segi fólki að hann hafi menntað sig starfi sem múrari.

„Mér finnst ég oftast fá góð eða jákvæð viðbrögð við því að ég sé lærður múrari en auðvitað eru þeir til sem eru með menntasnobbs og sjá ekkert annað en háskólanám. En ég fæ oft afar jákvæð viðbrögð frá fólki sem finnst þetta mjög spennandi val á starfi. Enda er múrverkið áhugavert og skemmtilegt,“ segir Eyjólfur Eiríksson.

„Þegar við vorum búnir að kynnast vörunum og gæðunum þá ákváðum við að stíga skrefið til fulls, stofna fyrirtæki í kringum þetta og kynna vöruna af fullum krafti á Íslandi,“ segir Friðgeir.

Full ábyrgð á hurðum og uppsetningum

Friðgeir segir starfsmenn Keilis Pro hafa farið í gegnum þjálfun og námskeið hjá Wisniowski í Póllandi sem skili kaupendum ábyrgð á uppsetningu hurðanna. „Við bjóðum þjónustu alla leið til enda; seljum vöruna og getum annast uppsetningu og þannig þurfa t.d. byggingaverktakar ekki að taka ábyrð á þessum búnaði í þeirra húsum. Ef eitthvað kemur upp á leita íbúða-kaupendur beint til okkar. Varan sjálf er í ábyrgð framleiðandans í Póllandi en með því að við sjáum líka um uppsetninguna þá færast öll ábyrgð á búnaðinum og uppsetningunni til okkar. Þetta finnum við að skiptir hönnuði og verktaka í okkar viðskiptavinahópi miklu máli,“ segir Friðgeir.

Margt í boði í litum og útfærslum

Viðskiptavinir Keilis Pro segir Friðgeir vera hönnuði, verktaka og einstaklinga. Hann segir þessa vöru afar vandaða og eftirtektarvert sé hversu fjölbreyttir valkostir eru í bílskúrs-hurðunum sem og öðrum vörum hvað varðar liti, áferð, gluggaútfærslur og svo framvegis. „Þessar hefðbundnu og algengustu bílskúrshurðir eru byggðar upp af flekæiningum sem eru með húðuðu stáli í ytra byrði. Einnig sé hægt að fá ál fleka og polyhúðaðar brautir og fittings. Síðan er mikið úrval af litum og áferð, viðskiptavinurinn velur það sem honum hugnast best í gluggaútfærslum og staðsetningum. Það er líka í boði að hafa gönguhurð í bílskúrshurðinni og ekkert mál að fá rafknúna hurðaopnara með, hvort heldur er öxulopnari eða dragopnari. Þetta er sem sagt bílskúrshurð með öllu,“ segir Friðgeir.

Í flestum tilvikum taka starfsmenn Keilis Pro öll nauðsynleg mál áður en bílskúrshurðin er sett í framleiðslu í Póllandi. „Við leggjum mikið upp úr því að koma til viðskiptavina, ráðleggja um útfærslu á hurðum á hverjum stað og fara svo með þeim yfir val á útliti og slíku. Eftir að hurð er pöntuð líða 7-9 vikur þar til hún kemur til landsins, klár til uppsetningar,“ segir Friðgeir sem býður gesti lónaðarsýningarinnar í Laugardalshöll velkomna að skoða bílskúrshurðirnar og aðrar vörur fyrirtækisins í bás Keilis Pro.

..... keilirpro.is

Daglegar fréttir

af íslenskum sjávarútvegi

audlindin.is

AUÐLINDIN

Auglýsingasími 898 8022

inga@ritform.is



■ Bílskúrshurðir, öryggishlið og öryggishurðir frá pólska framleiðandanum Wisniowski. „Við heilluðumst strax af gæðunum þegar við kynntumst þessari framleiðslu á sínum tíma,“ segir Friðgeir.



Gæði og þjónusta í 53 ár

Áratuga reynsla er af Westcoast gluggum á Íslandi
Gluggar sem standast Íslenska veðráttu.
Slagregnsvottaðir í 1200 Pa.

Fyrirspurnir á husagerdin@husagerdin.is
Nánar á www.westcoastwindows.com
www.husagerdin.is

Húsagerðin hf. Síðan 1972

HÚSAGERÐIN HF.

Husagerdin hf • lðavellir 14a • 230 Reykjanesbær • 610472-0369

Elfoss ehf. í Reykjanesbæ

SANY vélunum tekið opnum örmum á Íslandi



■ SANY gröfurnar hafa selst vel hér á landi frá því Elfoss hóf sölu á þeim fyrir tveimur árum.



■ SANY er mjög stór framleiðandi á heimsvísu og er t.d. framarlega í sölu og þróun á 100% rafknúnum tækjum, t.d. beltagröfum, vörubílum, námutrúkkum og fleiru.

ÞÓÐNADAR SYNINGIN 2025

„SANY er 35 ára gamalt fyrirtæki og einn af stærstu vélaframleiðendum í heimi í dag. Fyrsta SANY beltagrafan kom til landsins fyrir 18 árum, 23 tonna vél sem er enn í fullu fjöri. Elfoss ehf. hóf sölu á þeim hér á landi fyrir réttum tveimur árum og hafa viðtökurnar verið frábærar. Enda góð tæki á afar hagstæðu og samkeppnishæfu verði,“ segir Bóas Eðvaldsson, framkvæmdastjóri Elfoss ehf. í Reykjanesbæ en fyrirtækið er umboðsaðili hér á landi fyrir kínverska vinnuvélaframleiðandann SANY.

SANY er gríðarlega stórt og flott fyrirtæki, framleiðir t.d. beltagröfur frá 1 tonni til 400 tonn og krana með upp í 4500 tonna lyftigetu. SANY er einnig mjög framarlega í 100% rafknúnum tækjum; beltagröfum, vörubílum, námutrúkkum og fleiru.

Vélar fyrir fjölbreytt verkefni

Elfoss kynnir SANY vélarnar á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll en í boði eru belta- og hjólagröfur, hjólaskóflur, krana, skotbómulyftarar, gaffallyftarar, rafmagnslyftarar og gámalyftarar, svo fátt eitt sé talið.

„Við höfum selt mikið af belta- og hjólagröfum, lyfturum af öllum stærðum og gerðum, allt frá tveimur tonnum upp í 53

tonn að stærð. Úrvalið er mikið. Kaupendur SANY vélanna hjá okkur hingað til hafa mest verið smærri og meðalstórir verktakar og bændur,“ segir Bóas.

Fimm ára ábyrgð frá framleiðanda

Aðspurður segir Bóas SANY vélarnar fyllilega samkeppnisfærar hvað afl og gæði varðar.

„Þetta eru mjög sterkar og góðar vélar og gröfurnar eru allar með fimm ára ábyrgð eða 10.000 vinnustundir, hvort heldur kemur á undan. Þetta er mun lengri ábyrgð en aðrir framleiðendur bjóða og skiptir auðvitað miklu máli fyrir kaupendur,“ segir Bóas en auk innflutnings og sölu á SANY annast fyrirtækið alla varahluta- og viðgerðarþjónustu fyrir vélarnar.

Mikið úrval aukahluta

„Við erum líka með mikið úrval af vökvafleygum, skóflum, grjótklóm, rötotiltum og öðrum aukahlutum fyrir gröfurnar. Einnig seljum við GPS grafrarkerfi frá MCNAV sem einnig kemur frá kínverskum framleiðanda og þannig má segja að hver einasta vél sé sérútfærð hjá okkur að óskum viðskiptavina með þeim búnaði og fylgihlutum sem þarf á að halda í þau verkefni sem vélunum er ætlað að fara í,“ segir Bóas en auk þess að selja gröfur er Elfoss einnig með leiguvélar sem margir smærri og stærri verktakar nýta sér.

elfoss.is



■ Bóas Eðvaldsson, framkvæmdastjóri Elfoss ehf. í Reykjanesbæ.



LOFTPRESSUR FYRIR FLEST VERKEFNI

DYNJANDI.IS



Compressed Air Solutions | Built and Designed For Maximum
Performance, Efficiency, and Reliability

ELGI | eeuquiry@elgi.com

For More Details



Kíktu í vefverslun okkar DYNJANDI.IS
til að sjá möguleikana eða hafðu samband og
fáðu faglega ráðgjöf hjá starfsfólkinu okkar.

Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is



Aldin Dynamics er vaxtarsproti ársins

Sprotafyrirtækið Aldin Dynamics hefur verið valið Vaxtar-sproti ársins sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis en velta fyrirtækisins jókst um 514% milli ára, fór úr 151 milljón króna í 929 milljónir króna.

Aldin Dynamics vinnur að þróun tölvuleikja og hugbúnaðartækni sem gerir notendum kleift að eiga raunsæ samskipti við gervigreindarkaraktara í sýndarheimum. Félagið byggir á margra ára reynslu í sýndarveruleika og markar með þessu nýtt skref í stafrænni upplifun framtíðarinnar. Fyrirtækið hefur tvö einkaleyfi sem tengjast greiningu á hegðun notenda, auk fjölda skráðra vörumerkja í Evrópu og Bandaríkjunum, þar á meðal Waltz of the Wizard sem hefur selst í yfir milljón eintökum erlendis. Vörur Aldin Dynamics eru hannaðar fyrir alþjóðlega markaði og nánast allar tekjur félagsins koma erlendis frá.

Gunnar Steinn Valgarðsson, annar stofnandi Aldin Dynamics: „Þessi viðurkenning er okkur mikill heiður og hvatning til áframhaldandi starfa. Við viljum þakka sérstaklega uppbyggjandi sprotaumhverfi á Íslandi sem hefur veitt okkur byr undir báða vængi í gegnum tíðina. Við vonum innilega að sem flestir frumkvöðlar nýti sér þetta einstaka nýsköpunarumhverfi, taki skrefið fram á við og láti hugmyndir sínar verða að veruleika. Við hjá Aldin stefnum á að halda áfram okkar vegferð að þróa upplifanir sem sameina nýjustu tækni og listform á nýjan og aðgengilegan hátt.“

Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins (SI), Samtaka sprotafyrirtækja (SSP), Háskólans í Reykjavík (HR) og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís). Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig auk-



■ Frá afhendingu Vaxtarsprotans í Grasagarðinum í Laugardal. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Svan-dis Unnur Sigurðardóttir frá Rannís, Sigurður Óli Sigurðsson frá Rannís, Birgir Jósafatsson frá Thor Ice Chilling Solutions, Sigurður Hannesson frá SI, Ester Ósk Pálsdóttir frá Thor Ice Chilling Sol-utions, Árni Sigurjónsson frá SI, Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra sem afhenti verðlaunin, Gunnar Steinn Valgarðsson og Páll Arinbjarnar frá Aldin Dynamics, Erla Tinna Stefáns-dóttir frá SI, Hrafn tinna Viktoría Karlsdóttir frá HR og Ragnhildur Helgadóttir frá HR. Ljós- sm. BIG.

inn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Þetta er í 19. sinn sem Vaxtar-sproti ársins er afhentur.

si.is

Topcon

Sjálfbær framtíð byggingariðnaðarins



Andreas Lundback starfar sem sérfræðingur Topcon í Svíþjóð og er vel kunnugur íslenska markaðnum. Topcon er alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í þróun mælitækni, vélstýringa og stafrænna lausna. Á Íslandi hafa lausnir fyrirtækisins átt greiðan aðgang, þar sem byggingariðnaðurinn er opinn fyrir nýjungum. Við ræddum við Andreas um helstu tækifæri og áskoranir á þessu sviði.

Geturðu sagt okkur aðeins frá markmiðum Topcon og hvernig þau tengjast íslenskum iðnaði?

„Markmið okkar er að bjóða hágæða heildarlausnir fyrir mælingar, byggingariðnað, landbúnað og námuvinnslu, með samþættingu nákvæmrar mælitækni, hugbúnaðar og gagna. Með því, til viðbótar við nýsköpun í tækni og ferlum, hjálpum við fyrirtækjum að verða skilvirkari, auka framleiðni og stuðla að sjálfbærni.“

Ísland áhugavert fyrir innleiðingu nýrra lausna

Hvað finnst þér einkenna íslenskan markað í samanburði við hin Norðurlöndin?

„Íslensk fyrirtæki eru mjög fljót að tileinka sér nýja tækni og hafa í langan tíma verið leiðandi í þróun. Í Svíþjóð eru nokkur stórfyrirtæki sem reka meginþorra

byggingarverkefna og hafa fjárfest í innri teyðum í tækni og upplýsingatækni, á meðan íslensk fyrirtæki eru oft minni í sniðum en mjög opin fyrir tækninýjungum. Sem dæmi um það má nefna að hlutfall fyrirtækja sem nota vélstýringar er mjög hátt hér, í samanburði við önnur lönd. Þetta gerir Ísland að áhugaverðum vettvangi fyrir innleiðingu nýrra lausna.“

Hverjar eru helstu áskoranir sem þú sérð í byggingariðnaði, bæði hér og á heimsvísu?

„Byggingariðnaðurinn er almennt tregur til að fjárfesta í upplýsingatækni. Tæknin þróast þó hratt og áskorunin er að fá stjórnvöld og útböðskerfi til að styðja nýjungar. Með lausnum okkar sparast ekki aðeins kostnaður og eldsneyti, heldur minnkar sóun og gæðin aukast.“

Hvernig getur Topcon stutt íslensk fyrirtæki sem glíma við manneklu og hátt kostnaðarstig?

„Á Íslandi er efnis- og starfsmannakostnaður hár, sem gerir notkun vélstýringa og skýjalausna enn mikilvægari. Verkstöðum er að hluta til hægt að fjarstýra í rauntíma, þar sem öll kerfi eru tengd, eins og eftirlit, mælingar og þrívíddarhönnun. Að auki getur tæknin gert starfið aðlaðandi fyrir ungt fólk sem sækist eftir nútímalegum vinnu-aðferðum.“

MC-Mobile er oft tengt minni vélum. Hvernig getur það nýst stærri verkefnum?

„MC-Mobile er afar skalanlegt kerfi. Það þýðir að þú getur



■ Heiðar Karlsson, framkvæmdastjóri Vista (tv) og Andreas Lundback, sérfræðingur Topcon.

byrjað á grunnkerfi og bætt við virkni eftir þörfum, allt frá 2D-lausn upp í sjálfvirka alstöð með GNSS-móttakara, eins og við erum að kynna á lðnaðarsýningunni, í samvinnu við íslenska umboðsaðila okkar, Vista. Þetta hentar verkefnum af öllum stærðum, líka í krefjandi aðstöðum eins og á Íslandi.“

Meiri skilvirkni með notkun gervigreindar

Hvert stefnir þróunin næstu 5-10 árin?

„Ég tel að verkstaðir verði mun sjálfvirkari með meiri notkun gervigreindar, bæði vélar og ferlar. Ákvarðanir verða teknar út frá gögnum í rauntíma í stað ágiskana og áætlaða, eins og í dag. Hlutverk okkar hjá Topcon mun breytast og vera í minna mæli vélbúnaðarfyrirtæki og meira samstarfsaðili í hugbúnaði og verkstaðastjórnun.“

Hvaða ráð myndir þú gefa íslenskum fyrirtækjum sem vilja halda forskoti á komandi árum?

„Tækni og stafræn umbreyt-

ing eru að þróast á ógnarhraða. Leiðið samstarfs við fyrirtæki sem bjóða bæði vélbúnað og hugbúnað fyrir allt ferlið. Mikilvægast er að velja réttu lausnirnar fyrir verkefnið hverju sinni. Við hlustum á notendur okkar og þróum lausnir út frá þeirra þörfum. Verið velkomin til okkar í spjall í bás Vista verkfræðistofu, B-5 á lðnaðarsýningunni 2025 í Laugardalshöll.“

vista.is

HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir fiskvinnslu, geymslu og iðnaðarhús



- Hentar í þök, milliveggi og útveggi.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

Kynntu þér úrvalið á [Limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)



■ Margskonar öryggisvörur í verslun Vinnupalla á Vagnhöfða 7.



■ Slagorð fyrirtækisins er „Öruggar lausnir“.

Vinnupallar ehf.

Öruggar lausnir fyrir alhliða framkvæmdir



„Okkar markmið er að bjóða öruggar lausnir á hagstæðu verði fyrir alhliða framkvæmdir. Þegar viðskiptavinir velja að nota vinnupalla og fallvarnarbúnað frá okkur eru þeir að fá góða vinnuaðstöðu í sínum framkvæmdum en um leið búnað sem uppfyllir kröfur og reglugerðir um öryggi á vinnu- stöðum,“ segir Starkaður Snorri Baldursson, innkaupa- og verslunarstjóri hjá fyrirtækinu Vinnupöllum ehf. Það hóf starfsemi árið 2017 og hefur stöðugt vaxið í umsvifum í útleigu og sölu á vinnupöllum, sölu á öryggisgirðingum og fallvarnarbúnaði. Fyrirtækið kynnir starfsemi sína á lön- aðarsýningunni í Laugardals- höll.

Útleiga og sala á vinnupöllum og öryggisgirðingum
Starfsemi Vinnupalla ehf. er að Vagnhöfða 7 í Reykjavík og þar er fyrirtækið með verslun þar sem í boði er margs konar öryggis- og fallvarnarbúnaður, bygginga-




■ Starkaður Snorri Baldursson, innkaupa- og verslunarstjóri.

vörur, tröppur, stigar, persónu- hlífar, vinnupallar og fleira.
„Vinnupallar og öryggisgirð- ingar eru stærstu vöruflokkarnir í okkar starfsemi, hvort tveggja vörur sem við bæði seljum og leigjum út. Þróunin hefur orðið sú að leiga á vinnupöllum er mun algengari í framkvæmdum en meira um að viðskiptavinir velji að kaupa öryggisgirðingar frekar en leigja,“ segir Starkaður en Vinnupallar ehf. þjónusta á þessum sviðum allt frá einstakl- ingum upp í stór verktakafyrir- tæki.
„Útleigan er miðuð við daga- fjölda en í mörgum tilfellum eru viðskiptavinir með búnaðinn frá okkur í föstum samningum til lengri tíma. Það er allur gangur á þessu,“ bætir Starkaður við. Mest er um útleigu búnaðar á höfuðborgarsvæðinu en hann segir að fyrirtækið hafi líka leigt út ál- og kerfispalla í verkefni víða um land. Þjónustan teygir sig því í reynd um landið allt.
Pallar sem uppfylla öryggiskröfur
„Sem betur fer hefur orðið mikil aukning í notkun vinnupalla á undanförunum árum og fátíðara að fólk sé að byggja timburpalla sem í mörgum tilfellum uppfylla ekki öryggiskröfur. Í dag eru

kerfispallar nánast alfarið not- aðir í nýbyggingar- og viðhalds- verkefnum. Öryggari pallar skila lægri slysatiðni, bæði færri fall- slysum og þeir eru líka öruggar gagnvart því að byggingarhlutir, verkfæri eða annað falli af pöll- unum og skapi hættu á jörðu niðri,“ segir Starkaður en fyrir- tækið býður einmitt ýmsa auka- hluti með vinnupöllum, t.d. net, stigahús ruslarennur og fleira.
Öryggisvitund að aukast
Vinnupallar selja einnig fjöl- breyttan fallvarnarbúnað; fall- varnarbelti, línur, króka, festi- búnað, verkfæralínur og fleira.
„Við höfum markvisst verið að auka áherslu okkar á fallvarn- irnar með framboði á fjöl- breyttum vörum. Þetta er bún- aður sem getur verið mjög gott að nota þegar unnið er í pöllun en er algjörlega nauðsynlegur þegar unnið er á þökum sem geta fyrirvaralaust orðið mjög hál. Öryggisvitund er sifellt að aukast og fólk sér æ betur mikil- vægi þess að nota vandaðan og góðan búnað við framkvæmd- irnar.“
vpallar.is

TUDOR

Fyrir bíla með stop/start búnaði

Nyjar blýgrindur
3DX tækniGetur hlaðist
m/ hreyfiorkuMikið
kaldræsipólFyrir mikla
notkun3x fleirri
afhleðslurVeldu
öruggt
start með
TUDORRakadregar
glerplöturGetur hlaðist
m/ hreyfiorkuMikið
kaldræsipólFyrir mikla
notkun4x fleirri
afhleðslur**HLEÐSLUTÆKI**20%
AFSLÁTTUR**Vaktaðu rafgeyminn í vetur****TUDOR STERKIR**

Úrval af rafgeymum í vinnuvélar og tæki

NÝTT!
1390A (EN)

Öflugasta Kaldræsipolið!

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • 577-1515 • Bíldshöfði 12 • Vefverslun: www.skorri.is



■ Jón Axel Ólafsson kynnir landsmönnum kosti Bluetti orkubankanna.

Með rafmagnið við höndina!

Bluetti orkubankarnir eru bylting í leik og starfi



„Bluetti orkubankarnar veita fólki ákveðið frelsi og öryggi; hvort heldur t.d. er um að ræða iðnaðarmenn með sín tæki og tól í vinnu uppi á hálendi eða fólk á ferðalagi um landið. Rafmagn er lykilatriði í leik og starfi og bylting að geta tekið það með sér – hvert á land sem er. Það er einmitt hægt að gera með Bluetti,“ segir Jón Axel Ólafsson, eigandi JH vinnustofu og Bluetti á Íslandi. Fyrirtækið kynnir á Iðnaðarsýningunni 2025 þessa öflugu orkubanka sem það selur hér á landi.

Öflugar LiFePO4-raflíðður
Bluetti hefur á undanförnum árum sérhæft sig í framleiðslu á háþrúðum færanlegum orkustöðvum og sólarorkugjöfum. Orkubankarnir eru í grunninn öflugar LiFePO4-raflíðður sem eru hannaðar til að geyma mikla orku sem endist lengi og er áreiðanleg, jafnvel við erfiðustu aðstæður í kulda.

„Hvert sem við horfum í kringum okkur er rafmagn ein helsta nauðsynjavara okkar í daglegu lífi. Iðnaðarmenn vinna með rafknúin verkfæri sem þeir geta hlaðið þegar þeir hafa orkubanka með í för í verkefnum fjarri rafmagnstengingu. Bluetti orkubankinn gerir okkur kleift að hlaða simann, fartölvuna, hlaða rafmagnshjólíð í ferðalaginu, hlaða drónann, tengja kaffikönnuna og sjónvarpið í húsbilnum og þannig má áfram telja. Að ekki sé



■ Bluetti orkubankarnir eru fáanlegir í mörgum stærðum, allt frá því að vera varaafli fyrir fartölvuna upp í að vera varaafllustöðvar fyrir fyrirtæki, orkukerfi fyrir húsbíla og margt fleira.

talað um Bluetti orkubankana sem varaafli ef rafmagn bregst því þá fyrst finnum við hversu miklu máli rafmagnið skiptir okkur.”

Öryggi og frelsi í senn
Umfram allt segir Jón Axel að Bluetti orkubankarnir veiti fólki frelsi, öryggi og opni því tækifæri.

„Þetta er búnaður fyrir vísindafólk og iðnaðarmenn, fólk á ferðalögum, húsbíla- og hjól-

hýsaeigendur, varaafli fyrir heimili, fyrirtæki, bændur og þannig má áfram telja. Okkar viðskiptavinir koma úr þessum hópum í samfélaginu sem öðrum. Allir eru hæstánægðir með búnaðinn, hvort heldur er kúabúið á Grund í Eyjafirði sem er komið með varaorkukerfi samsettu með Bluetti eða húsbílahjónin Diddi og Ólafía sem skiptu öllu rafmagninu í húsbílnum sínum út fyrir Bluetti kerfi. Einfaldara líf – öruggara líf.”

Frá litlum hleðslustöðvum og upp úr
Bluetti orkubankarnir eru fáanlegir í mörgum stærðum, allt eftir því hvaða þörf þeir þurfa að mæta. Það getur verið allt frá 600w orkubanka í útileguna upp í 5000w varaafllustöð fyrir iðnaðarmenn, heimili og fyrirtæki. Þennan orkubanka er hægt að stækka upp í 18.300Wh.

„Af þessu má sjá hversu auðvelt er að mæta þörfum notenda og setja saman búnað sem

hentar hverjum og einum. Sjón er sögu ríkari og við hvetjum fólk til að heimsækja okkur á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll, hafa samband við okkur eða kynna sér kosti Bluetti á heimasíðu okkar,“ segir Jón Axel.

.....
bluetti.is
.....

DJI DOCK 3

Fullkominn eftirlitsbúnaður sem hentar meðal annars vel fyrir laxeldi á landi og í sjó.

Gervigreind lætur vita af mannaferðum, bílum og bátum á meðan sjálfvirkir eftirlit er í gangi.




Frábær fyrir íslenskt veðurfar



Árangursríkar aðgerðir með hjálp gervigreindar



Öruggt og staðlað kerfi, Ópið fyrir þróun.



Fjölbreytileg notkun, Ótrúleg drægni myndsendinga



Drónar með hámarksafköst



Frábær upplifun með fullkomnum hugbúnaði.

Hafið samband við siggi@djireykjavik.is ef þið viljið kynningu á staðinn.



REYKJAVÍK

AUTHORIZED RETAIL STORE

djireykjavik.is 519 4747

Fagna áherslu á stöðugleika en vara við skorti á fjárfestingu

„Sí fagna þeirri stefnu sem endurspeglast í fjárlagafrumvarpinu og miðar að auknum stöðugleika og aðhaldi í ríkisfjármálum. Slik stefna er samkvæmt Sí forsenda lægri verðbólgu og vaxta, sem skiptir fyrirtæki og heimili miklu. Samtökin lýsa þó vonbrigðum með að stærri hluti afkomubata ríkissjóðs vegna vænst hagvaxtar næsta árs sé ekki nýttur til að skila fjárlögum með afgangi og þannig stuðla að meiri stöðugleika og sterkari efnahagslegum viðnámsþrótti með lækkun skulda ríkissjóðs,“ segir í umsögn Samtaka iðnaðar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026.

Í umsögninni er því fagnað að engar nýjar almennar skattahækkanir séu í frumvarpinu. Samkvæmt samtökunum eru álögur á íslenskt atvinnulíf miklar í alþjóðlegum samanburði og háir skattar dragi úr fjárfestingum, framleiðni og verðmætasköpun. Sérstaklega vekja Samtök iðnaðarins athygli á að skattspor iðnaðarins sé stærst meðal útflutningsgreina, eða 220 milljarðar króna árið 2023 án vsk.

Nýsköpun og hugverkaiðnaður lykilatriði

Samtök iðnaðarins leggja í umsögn sinni mikla áherslu á að festa í sessi skattahvata til rannsóknar og þróunar (R&Ð). Reynslan sýni að hvatarnir virki en hugverkaiðnaður er orðinn-

fjórða stoð útflutnings og sú stoð sem vaxið hafi hraðast á undanförunum árum. „Samtökin fagna því að í frumvarpinu komi skýrt fram að hvatar vegna R&Ð verði festir í sessi en með því geta fyrirtækin gert langtíma-áætlanir og trúverðugleiki og stöðugleiki gagnvart fjárfestum eykst. Hvatarnir eru eitt helsta tæki stjórnvalda til þess að auka fjárfestingar í R&Ð. Það hlutfall er nú 2,7% af vergri landsframleiðslu en nýlega á fundi um atvinnustefnu kom fram í máli forsætisráðher að markmiðið væri að hækka það hlutfall upp í 3,5% árið 2035.“

Húsnæðismarkaður þarf öflugri stuðning

Sí eru ánægð með að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Alvarlegt ójafnvægi hefi verið á íbúðamarkaði þar sem skortur á íbúðum sem mætir þörfum landsmanna hefur komið fram í mikilli og þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Leggja þurfi áherslu á aðgerðir sem ýti undir framboðshlið markaðarins og stöðugt starfsumhverfi byggingariðnaðarins.

„Sí harma að í frumvarpinu er ekki að finna neinar tillögur um hækkun á VSK-endurgreiðslu vegna vinnu manna á verkstað en aðgerðin myndi efla framboðshlið íbúðamarkaðarins og skapa betra jafnvægi markaðar-



■ Samtök iðnaðarins segja brýnt að stjórnvöld gripi til aðgerða til að auka framboð íbúðarhúsnæðis.

ins. Samtökin hvetja stjórnvöld til að endurskoða þá afstöðu sína.“

Samgöngufjárfestingar duga ekki til

Samtökin fagna þeirri auknu fjárfestingu og viðhaldi í vegakerfinu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en vara við því að aukningin dugi ekki til að vinna á þeirri miklu innviðaskuld sem hefur safnast upp. Ástand vegakerfisins sé mjög slæmt og upp-

bygging þess hafi ekki verið í samræmi við aukna umferð. Sí styðja hugmyndir um sérstakt innviðafélag sem annist fjármögnun stórra samgönguframkvæmda utan A-hluta ríkisfjármála og benda á að slíkar lausnir hafi reynst vel í öðrum innviðagreinum.

Ráðast þarf í nauðsynlega uppbyggingu verkmenntaskóla

Samtökin lýsa yfir áhyggjum af

því að fresta eigi nauðsynlegri uppbyggingu verkmenntaskóla. Á sama tíma og stjórnvöld segjist stefna að því að auka hlutfall nemenda í starfs- og tækninámi sé aðkallandi fjárfesting í aðstöðu sett á ís. „Skortur á húsnæði hefur verið ein helsta ástæða þess að árlega hefur allt að 1.000 umsóknum í iðn- og tækninám verið hafnað, á sama tíma og atvinnulífið glímir við viðvarandi færniskort á þessu sviði.“



ROTÞRÆR, VATNSTANKAR OG SKILJUR

BORGARPLAST

STOFNAÐ 1971



Silfursmári, Kópavogi

element

Snjallar byggingalausnir

Krosslímdar timbureiningar | Forsmíðuð baðherbergi



Hótel Jökulsárón



Vinnuvélar og Ásafl ehf.

Sérhæfing í innflutningi vélbúnaðar fyrir atvinnulífið



„Við erum innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem flytur inn vélar og tæki fyrir verktaka, sveitarfélög, græn svæði, landbúnað, skógrækt og sjávarútveg. Vinnuvélar sem við flytjum inn heita Develon og eru frá Suður Kóreu og hafa verið á markaði hérlandis í yfir 20 ár við góðan orðstír. Við flytjum líka inn mikið úrval annarra tækja fyrir verktaka, bæði notuð og ný. Við aðstoðum viðskiptavininn okkar einnig við að finna notuð tæki erlendis og tökum að okkur sölu á notuðum vinnuvélum og vörubílum. Þjónustusvið okkar er því víðfeðmt og nær yfir stóran hluta atvinnulífsins,“ segir Finnþogi Magnússon, framkvæmdastjóri Vinnuvéla og Ásafls ehf. að Völuteig 4 í Mosfellsbæ.

Jarðvegsframkvæmdir með Develon
Frá vélaframleiðandum Develon selur fyrirtækið beltagröfur, smágröfur, hjólagröfur, hjólaskóflur og búkollur en af öðrum vörum fyrir verktaka starfseminna má nefna vökva-



■ Á síðasta ári hóf Vinnuvélar Ásafl samstarf við franska framleiðandann Chereau sem framleiðir vagna og yfirbyggingar. Fyrirtækið mun flytja inn og þjónusta vagna franska fyrirtækisins hér á landi og nýverið kom sá fyrsti en um er að ræða kælivagn fyrir Sláturfélag Suðurlands, sérstyrktan og sérútbúinn til að flytja heila og hálfa kjötskrokka hangandi.

fleyga og -hamra, loftpressur, jarðvegsþjöppur, rafstöðvar og fleira. „Við erum líka að auka áherslu á krókgáma og fleti. Á því sviði reynum við að eiga algengar stærðir á lager en einnig er mikið um sérsmíði á slíkum búnaði eftir því sem hentar hverjum viðskiptavini best. Varaafstöðvar eru líka stór og vaxandi þáttur í starfsemi okkar en við bjóðum breitt úrval ljósavéla og

varaafstöðva fyrir lítil sem stór verkefni,“ segir Finnþogi. **Vélbúnaður og tæki fyrir landbúnað, golfvelli og sjávarútveg** Landbúnaður er meðal þeirra atvinnugreina sem njóta þjónustu Vinnuvéla og Ásafls ehf. og á því sviði er lögð áhersla á ýmiskonar sérlausnir fyrir jarðrækt, uppskeru, þurrkun og geymslu. Einnig býður fyrirtækið mikið úr-

val lausna hvað varðar dælingu, dreifingu og geymslu á búfjáráburið. „Fyrir golfvelli og græn svæði er aðal merkið okkar bandaríska fyrirtækið Toro sem er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu og sölu á sláttuvélum og vinnutækjum fyrir golfvelli og græn svæði. Fyrir skógræktina bjóðum við líka fjölbreyttan tækjabúnað til grisjunar, kurlunar og flutnings á skógarafurðum. Bjóðum einnig

öflugar kyndistöðvar sem geta brennt bæði lifandi við og úrgangstímur til hitunar,“ segir Finnþogi. Síðast en ekki síst nefnir hann þjónustu við sjávarútveginn en fyrirtækið hefur á boðstólum FPT bátavélar, Scam ljósavélar, gíra, báta- og bryggjukrana og mikið úrval af dælum frá Jabsco.

vinnuvelarehf.is

Húsagerðin kynnir sænsku Westcoast gluggana

„valdi þessa glugga gæðanna vegna,“ segir Áskell Agnarsson, húsasmíðameistari og stofnandi Húsagerðinnar



„Gæðin voru ástæðan fyrir því að ég valdi þessa sænsku glugga í okkar byggingarverkefni. Þeir hafa staðið sig afburða vel í húsum sem við höfum byggt og það sama segja þeir viðskiptavinir sem hafa keypt þessa glugga frá okkur,“ segir Áskell Agnarsson, húsasmíðameistari í Reykjanesbæ og stofnandi byggingafyrirtækisins Húsagerðarnnar hf. sem er umboðsaðili hér á landi fyrir glugga frá sænska framleiðandanum Westcoast. Gluggarnir verða kynntir í bás fyrirtækisins á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Áskell var einn þriggja stofnenda Húsagerðarinnar árið 1972 en frá árinu 2006 hefur hann rekið fyrirtækið einn. Í dag er hann meðeigandi á móti syni sínum, Agnari Áskelssyni, húsa-

smíðameistara, sem stýrir daglegum rekstri. Áskell viðurkennir að þau séu fá fyrirtækin í byggingariðnaði í dag sem státi af ríflega hálfri aldar gamalli kennitölu í rekstri. Óhætt er að segja að fyrirtækið hafi verið farsælt í sinni starfsemi í gegnum tíðina en það hefur byggt hundruð íbúða og komið að stórum sem smáum öðrum byggingarverkefnum víða um land en mest þó á Suðurnesjum.

Standast íslensk veðurfar

„Á sínum tíma smíðuðum við alla glugga og innréttingar fyrir okkar verkefni en það var síðan um aldamótin sem fóru að koma kröfur um svokallaða timburál glugga. Þá varð sænska fyrirtækið Westcoast fyrir valinu vegna þess að þeir smíða gluggana með öðrum hætti en almennt er notað hér á landi. Þróunin varð svo sú að við fórum alfaríð að nota þessa glugga fyrir verkefni Húsagerðarinnar, síðan fórum við líka að selja þá til ann-



■ Feðgarnir og eigendur Húsagerðarinnar til hægri; þeir Áskell Agnarsson og Agnar Áskelsson. Með þeim er Björgvin, verkstjóri.



■ Hér sést vel á sniðmynd hvernig uppbygging sænsku Westcoast glugganna er.


arra og í kjölfarið gerðumst við umboðsmenn fyrir Westcoast hér á landi. Reynslan sem komin er á elstu gluggana í húsum frá okkur sýnir að þeir standa sig frábærlega við íslenskar aðstæður,“ segir Áskell.

Vottuð framleiðsla og samþykkt af HMS Svokallaðir timburál gluggar hér á landi eru oftast þannig að ál er í gluggalistum eða klætt yfir glerjunarlistana með áli til að hlífa þeim fyrir veðri. Westcoast

gluggarnir eru hins vegar hannaðir þannig að öll ytri kápa gluggans er úr áli og klæðist álið að auki inn í allt glugafalsið. Dren og öndun er útfærð í álarann til að rakinn skili sér út og safnist ekki fyrir. „Þessi hönnun tryggir langa endingu og lágmarks viðhald. Í öllum gluggum er þrefalt gler og hljóðeinangrun er með því besta sem þekkist. Síðast en ekki síst eru svo þessir gluggar með ítarlegar prófanir og vottanir að baki sér og eru samþykktir hér á landi af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Við getum því óhikað mælt með þessum valkosti fyrir húsbyggjendur,“ segir Agnar.

husagerdin.is

VÉLABORG



A-SAFE ÁREKSTRARVARNIR

ASSA ABLOY




HÁHRAÐAHURÐIR

JUNGHEINRICH



LYFTARAR

ASSA ABLOY



ÍÐNAÐARHURÐIR

stow



HILLUKERFI

A1S



ELDVARNARTJÖLD

ASSA ABLOY



HLEÐSLUHÚS

Sjáumst á lðnaðarsýningunni - Bás B-9



■ Árekstravarnir frá A-Safe skipta miklu máli í vöruhúsum.



■ Hraðhurð frá Assa Abloy.

Heildarlausnir í vöruhúsa- búnaði hjá Vélaborg



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2025**

„Vöruhúsalausnir hafa verið snar þáttur í starfsemi Vélaborgar í 35 ár og við erum að þjónusta stór og smá iðnaðar- og innflutningsfyrirtæki á Íslandi með búnað frá bestu framleiðendum á þessu sviði í heiminum,“ segir Gunnar Viðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Vélaborgar sem kynnir búnað fyrir vöruhús og lagera á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Búnaður frá heimspektum framleiðendum
„Vöruhúsabúnaður sem við seljum tekur til marga þátta. Við erum með iðnaðar- og háhraðahurðir, vörubryggjur og hleðsluhús frá Assa Abloy, hillukerfi frá Stow, árekstravarnir frá A-Safe og eldvarnatjöld frá A1S, svo helstu þættir séu nefndir. Allt eru þetta þrautreyndir framleiðendur og gjörþekktir fyrir sína vörupróun og framleiðslu á heimsvísu. Þessu til viðbótar erum við líka umboðsaðilar á Íslandi fyrir Jungheinrich vöruhúsalyftara og hillukerfi, sem sömuleiðis er leiðandi á sínu sviði í heiminum. Við höfum á undanförunum árum selt bæði einstakar lausnir og heildarþakka fyrir stór sem smá vöru-

hús á Íslandi, bæði til innflutningsfyrirtækja og iðnfyrirtækja í útflutningi en allir sem til þekkja vita hversu miklu máli það skiptir að búa vöruhúsin og lagerana út með vönduðum tækjabúnaði, hillukerfum og ekki síst að öryggið fyrir bæði vörur og starfsmenn sé í fyrirrúmi,“ segir Gunnar.

Öryggið er lykilatriði
Aðspurður segir Gunnar að Vélaborg komi að sölu og uppsetningu á umræddum vöruhúsalausnum í bæði nýbyggingum og eldra lagerhúsnæði. Í öllum tilfellum fylgi Vélaborg búnaði og verkefnunum eftir þar til uppsetningu er lokið og starfsemi í vöruhúsum viðskiptavinanna er komin í fullan gang. Gunnar

undirstrikar að öryggisþátturinn sé mjög mikilsverður í vöruhúsabúnaði.

„Þar get ég t.d. nefnt eldvarnatjöld og eldvarnahurðir sem eru notaðar þegar um er að ræða opnun milli brunahólfa. Þá skiptir öllu máli að hafa búnað sem stenst slíkar kröfur,“ segir hann.

Árekstravarnir er líka búnaður sem Vélaborg er með í miklu úrvali og snertir öryggi í vöruhúsunum með margvíslegum hætti. „Árekstrarvarnir koma í veg fyrir tjón á hillukerfum og öðrum búnaði svo sem hurðum, færiböndum, hleðslustöðvum og öðrum viðkvæmum búnaði. Svo eru líka árekstravarnir í þessum kerfum frá okkur sem hugsaðar eru til

að afmarka öryggissvæði fyrir gangandi starfsmenn, stjórna gangandi umferð, halda henni aðgreindri frá umferð lyftara og forða þannig slysum. Það þarf því að huga að mörgum þáttum og vanda til verka í uppsetningum vöruhúsa og það eru viðskiptavinir okkar að gera,“ segir Gunnar Viðar sem vekur athygli á að Vélaborg aðstoðar einnig fyrirtæki við hönnun og veitir ráðgjöf í samstarfi við birgja. „Þar er um að ræða aðila sem vinna daginn út og inn við svona lagerlausnir og hafa mikla reynslu.“

velaborg.is



■ Hleðsluhús á vöruhúsi frá Assa Abloy.

HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI FRÁ KRASO[®]

EINFACH + DICHT



VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI
OPIN OG SETT EFTIRÁ

NÝTT

INNTAKSPÉTTI FYRIR
KJARNABORAÐ OG RÖR



FJÖLPÉTTI
FYRIR STRENGI.


INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTIN
EÐA ÓREGLELEG GÖT

NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPOL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

RK Radius - Kelit
Infrastructure

FIBREFLEX PIPE
CONSTRUCTION



NÝTT

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

ÍSRÖR

Kíkið á okkur á bás B-010 á Iðnaðarsýningunni 9.-11. október 2025

Vinsældir Durisol byggingarsteina stöðugt að aukast



„Durisol byggingarsteinar hafa að baki sér nærri 100 ára sögu. Íslendingar eru óðum að koma auga á kosti efnisins og þessarar aðferðar í húsbyggingum hér á landi. Uppbygging Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina byggðist mikið á þessu byggingarefni og í dag nýtur það vinsælda víða um heim,“ segir Ólöf Salmon Guðmundsdóttir hjá fyrirtækinu PAGO hús ehf. um Durisol byggingarsteinana sem fyrirtækið selur hér á landi. Fyrirtækið kynnir steinana í bás sínum á Iðnaðarsýningunni 2025 í Laugardalshöll.

Fyrstu einangruðu byggingarsteinarnir

Durisol eru fyrstu einangruðu byggingarsteinarnir sem framleiddir voru í heiminum en einkaleyfi var fyrst veitt fyrir þessari framleiðslu í Hollandi árið 1932. Í dag eru þeir framleiddir í fjórtán löndum í fimm heimsálfum. Fyrirtækið PAGO hús ehf. var stofnað árið 2018 og hefur síðan þá verið stöðugur stígandi í notkun Durisol hér á landi enda segir Ólöf að kostir þess séu miklir fyrir íslenskar aðstæður.

Umhverfisvæn og vottuð framleiðla

Efnið í kubbana er að stærstum hluta úr sérvöldum endurunnum víði sem er tættur og steingerður með vistvænum aðferðum. Þannig verður til létt grjót og það er 80% af efni byggingarsteinanna en 20% er vatn og sement. Durisol byggingarsteinarnir eru framleiddir í mismunandi þykktum eftir því hvort um er að ræða útveggi, innveggi, stoðveggi eða sökkulveggi en útveggjasteinar eru með áfestrí einangrun og þannig tilbúnir til múrunar eða klæðningar. Steinarnir eru umhverfisvæn vara og hafa þeir hlotið NATURE PLUS vottun. Sú vottun er aðeins veitt til byggingarefna sem stuðla að verndun loftslags, heilsusamlegri innivist og sjálfbærni.

Margir dýrmætir kostir

„Durisol hefur marga mjög dýrmæta kosti fyrir húsbyggjendur. Það er fljótlegt og hagkvæmt að reisa þessi hús. Útveggir úr efniinu hafa gríðarlega gott einangrunargildi (U-gildi) Á Íslandi eiga útveggir að hafa U-gildið 0,40 eða lægra, en einangrunargildið í veggjum úr okkar steinum er frá 0,26 niður í 0,14. Húsin hafa því burði til að vera orkusparandi. Hljóðvistin í húsum sem byggð eru úr Durisol kubbunum er einnig með því allra besta sem gerist og hljóðeinangrun milli rýma með 25 cm þykkum vegg er um 60 dB eftir að búið er að



■ Fallett raðhús við Vetrarbraut í Þorlákshöfn, reist með Durisol byggingarsteinum.



■ Durisol byggingarsteinarnir eiga sér nærri 100 ára sögu og er þetta efni vottað, vistvænt og m.a. Nature plus gæðavottun.



■ Durisol fæst í mörgum gerðum; sem útveggir, innveggir, eldvarnaveggir eða sökkulveggir, líkt og ér er í byggingu á Hjalteyri við Eyjafjörð.

ganga frá honum. Þetta er líka algjörlega myglufritt efni sem rotnar ekki og brennur ekki,“ segir Ólöf.

Fjöldi Durisol bygginga á Íslandi

Þegar byggt er með þessari aðferð er járnabundið jafn óðum í veggina eftir því sem hlaðið er upp og veggir eru steypir í nokkrum lögum þar til komið er í fulla hæð. Ólöf segir að einn af kostunum sé sá sparnaður sem er í steypumagninu en þrátt fyrir það eru þetta öflugir sterkir steinveggir enda grjót uppi- staðan í hleðslusteinunum sjálfum. Steinarnir eru líka til- tölulega léttir á höndum og því þægilegir í hleðslu.

„Hleðslan er fljótleg og einn af stóru kostunum við þessa aðferð er líka nýtingin á byggingar- efninu. Það gengur nánast ekkert af og það litla sem verður af- gangs má þá mylja niður í fyll- ingu,“ segir Ólöf en búið er að byggja fjölda húsa úr þessum efnum hér á landi á undan- förnum árum.

„Þetta eru alls konar bygg- ingar, stór hús sem smá, enda eru steinarnir gott efni í allt frá bílskúr og upp í margra hæða fjölbýli. Á næstunni verður til dæmis byggt um 3000 fermetra fjós (haughús, jarðhæð og ris) úr steinum okkar þannig að æ fleiri eru að sjá ótvíræða kosti við þetta reynslumikla bygg- ingarefni og þessa aðferð,“ segir Ólöf.

AFLVÉLAR

FRUMSÝNUM NÝJAR VÖRUR Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLL 9-11 OKT.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG Á **BÁS B18!**



XWOLF 1000

LONCIN

Kynnum til sögunnar **XWOLF 1000 & 700 MUD.**
Vertu með þegar við frumsýnum þau á Iðnaðarsýningunni.



XWOLF 700 MUD



ACCESS
MOTOR

Við kynnum **Access** fjórhjólin
Öflug leiktæki sem sameina
afl, stöðugleika og skemmtun.

i-team



Við kynnum nýjungar frá i-team:
i-mop 40, i-walk & co-botic 1900 -
í fyrsta sinn á Íslandi.



IÐNAÐARSÝNINGIN | BÁS B18 | SÍMI 480 0000

Gervigreindardróni sem öryggis- og eftirlitstæki



Kínverska fyrirtækið DJI er langstærsti drónaframleiðandi heims og segir Sigurður Þór Helgason, forstjóri fyrirtækisins DJI Reykjavík, sem er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili DJI dróna hér á landi, að drónar DJI séu gjarnan fyrsta val hjá fyrirtækjum og stofnunum hvað varðar háþróaða, vandaða og áreiðanlega dróna í atvinnuskyni. Nýjasti dróni DJI er alsjálfvirkur, búinn gervigreindartækni og getur farið í fyrirfram skilgreindar eftirlitsferðir þar sem búnaðurinn getur sjálfur metið hvort hann sér eitthvað óeðlilegt sem þá þarf að bregðast við.

Nýir möguleikar í öryggisvöktun
Gervigreindartæknin er komin í drónana líkt og á mörgum öðrum sviðum. „Þetta er tækni sem opnar nýja möguleika í öryggisvöktun. Gervigreindin gerir að verkum að hægt er að kenna drónanum að þekkja hluti eða fólk þannig að hann geri viðvart

ef hann sér eitthvað sem er óeðlilegt. Þetta getur t.d. átt við um dróna á eftirlitsflugi og þetta er því tækni sem vekur áhuga hjá t.d. atvinnufyrirtækjum og sveitarfélögum. Tæknin býður upp á að dróninn láti vita í gegnum sms, tölvupóst eða t.d. snjallforrit og um leið byrjar dróninn að taka upp myndefni af því sem hann sér og metur vera óeðlilegt,“ segir Sigurður Þór.

Mikið flugþol
Umræddur dróni er af gerðinni DJI dock sem þýðir að dróninn er með dokku eða heimahöfn þar sem hann fær hleðslu en síðan flýgur dróninn út frá henni í reglubundnar eftirlitsferðir sem Sigurður Helgi segir mjög auðvelt að skilgreina fyrirfram. Einnig er hægt að tengjast heimahöfninni og drónanum yfir netið hvaðan sem er í heiminum og stýra þannig fluginu eða skoða það sem fyrir augu ber. DJI dróninn getur verið rúmlega 50 mínútur samfelt á flugi við bestu aðstæður og farið allt að 12 kílómetra út frá heimahöfninni. Að fluginu loknu snýr hann svo til baka í heimahöfnina til hleðslu.

Óþrjótandi möguleikar
Þessi nýjasta gerð DJI dock



■ Gervigreindardróni DJI getur flogið í reglubundið eftirlitsflug og getur með sjálfvirkum hætti metið ef eitthvað óeðlilegt ber fyrir linsu myndavélarinnar.

drónans með gervigreindartækni er nú fáanleg í tveimur útfærslum, annars vegar með hefðbundinni myndavélatækni og hins vegar með hitamyndavél sem jafnframt er með innbyggðu infrarauðu ljósi til að auðvelda nætursyn. „Möguleikarnir eru í reynd óþrjótandi í notkun svona dróna

og þessu til viðbótar er svo fáanlegur fjölbreyttur aukabúnaður við drónann svo sem ljóskastari, hátalari og radar ef flogið er í umhverfi þar sem er mikið af varasömum hindrunum. Þá notar dróninn radarinn til að fara framhjá þeim. Það er hægt að senda hann í loftið á 10 sekúndum og flughraðinn getur

verið 80 kílómetrar á klukkustund þannig að sem öryggis- og eftirlitstæki er þetta mjög góður valkostur,“ segir Sigurður Þór Helgason.

djireykjavik.is

Hinn vinsæli Renault Master kominn í rafmagnnið



„Renault hafa lengi verið meðal vinsælustu atvinnubíla á Íslandi og ekki síst hjá iðnaðarmönnum og því var það mjög ánægjulegt fyrir okkur þegar við fengum nýja hönnun af hinum vinsæla Renault Master í vor og gátum boðið hann í 100% rafmagnsútfærslu með mikla drægni. Viðbrögð viðskiptavina létu ekki á sér standa – sala á bílnum hefur verið mjög góð í sumar og bara sem dæmi keypti eitt fyrirtæki sex svona bíla í vor og var að panta sjö til viðbótar nú í byrjun hausts eftir að hafa fengið reynslu af bílunum í sumar,“ segir Benedikt Emilsson, söluráðgjafi fyrirtækjalausna hjá

bílaumboðinu BL sem sýnir nýja Renault Master bílinn á Iðnaðarsýningunni 2025.

Flaggskipið í atvinnubílum Renault
Umræddur Renault Master er glæný hönnun og fáanlegur í nokkrum útfærslum, t.d. sem pallbíll eða hefðbundinn sendibíll, en núna í fyrsta skipti sem 100% rafmagnsbíll. Það er sú nýjung sem vekur mesta athygli hjá kaupendum. „Í fjölskyldu atvinnubíla frá Renault erum við með Kangoo þann minnsta, síðan Trafic í millistærð og Master þann stærsta. Með tilkomu Master í rafmagnsútfærslu getum við nú boðið alla þessa atvinnubíla í 100% rafmagn,“ segir Benedikt.

Glæný hönnun og drægni yfir 400 km
Sem fyrr segir var Master algjör-



■ Benedikt Emilsson, söluráðgjafi fyrirtækjalausna hjá bílaumboðinu BL við nýja Renault Master sendiferðabílinn.



■ Uppgefin drægni Renault Master rafmagnsbílsins er rúmlega 400 kílómetrar.

lega endurhannaður frá grunni. Rafmagnsbíllinn hefur rösklega 400 kílómetra uppgefna drægni við bestu aðstæður og má reikna með að drægnin sé því að jafnaði 320-340 kílómetrar, sem Benedikt segir yfirdrifið nóg fyrir langstærstan hópi viðskiptavina. Innreið rafmagnsins segir hann að sé augljóslega hafin í atvinnubílunum, líkt og fólksbílunum. Breytingin yfir í rafmagn verði þó hægari á atvinnubílasviðinu. „Master er, líkt og bæði Kangoo og Trafic, einnig fáan-

legur með dísilvél en við sjáum á viðbrögðum viðskiptavina að þeir horfa mikið til þess að skipta yfir í rafmagnnið. Atvinnubílar frá Renault hafa fylgt iðnaðarmönnum og fyrirtækjum á Íslandi í fjölda ára og við erum mjög stolt af framþróuninni hjá fyrirtækinu í þessum bílum. Við hlökkum sérstaklega til að kynna gestum á Iðnaðarsýningunni nýja Master bílinn,“ segir Benedikt.

bl.is

Matvælavottaðar efnavörur

Hágæða smur og hreinsiefni sem henta fyrir krefjandi og erfiðar aðstæður í matvinnslum bæði á sjó og landi.



3M PELTOR WS LiteCom PRO III


3M | **PELTOR™**



Heyrnarhlíf með innbyggð samskiptakerfi og Bluetooth multipoint tengimöguleika. Sterklega byggð heyrnarhlíf fyrir krefjandi aðstæður og hávaðasama vinnustaði þar sem samskipti þurfa að vera í lagi.

Traustur félagi bílaþjónustunar

Á vefverslun og í verslunum Skeljungs má finna úrval
hágæða smur og bílahreinsivörur frá Shell og
KochChemie. Kíktu við eða verslaðu á netinu.



verslun.skeljungur.is

Í vefverslun er hægt að panta og fá vörur
sendar fyrir bíla og önnur ökutæki.

